

AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2004-2016

Viðaukar – ekki til staðfestingar

Viðauki I:

Forsendur – ýmis göng

Viðauki II:

Spurningakönnun

Viðauki III:

Kynningarfundir ofl.

Viðauki IV:

Umsagnir opinberra aðila

Viðauki V:

Athugasemdir – afgreiðsla athugasemda

Viðauki VI:

Samantekt á virkjanakostum í Neðri-Þjórsá

Viðauki VII:

Minnispunktur um setlónssvæði og efnistöku vegna miðlunarlóna á
hálendinu

Janúar 2006

Viðauki IV: Umsagnir opinberra aðila

4866091

Frá Villingaholtshreppi

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr.	K/S 6.9.04
Abm.	Svfr.
Afgr.	() Bréf () St.
Lvm.	Trm.

Mjósýndi 20.08 '04

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Á fundi sveitarstjórnar Villingaholtshrepps 16.08. '04 lá fyrir til umsagnar og kynningar tillaga að aðalskipulagi 2003 – 2015 fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp sem gert er ráð fyrir að fari í formlega auglýsingu í sumar.

Sveitarstjórn gerir enga athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi, en vill þó vekja athygli á að gleggri væri að nöfn sveitarfélaga væru tilgreind þar sem þau liggja að Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Virðingarfyllst

Fyrir hönd sveitarstjórnar


Bjarki Reynisson
Villingaholtshreppur

Landslag

Bt. Ómars.

Kv. Ingunn

Hrunamannahreppur

Akurgerði 6, 845 Flúðum. sími 480-6600, bréfsími 480-6606, kt. 640169-2039

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,
Arinbjörn Vilhjálmsson,
840 Laugarvatni.

Í framhaldi af samtali okkar vegna skipulagstillagna í Skeiða- og Gnúpverjahrepps vil ég taka eftirfarandi fram.

Tillögurnar hafa aldrei verið formlega teknar fyrir þó að óformlega hafi verið fjallað um þær. Það eru einkum tvö atriði sem hreppsnefndarmenn hafa haft hvað mestan áhuga fyrir það eru:

- Annarsvegar tengivegur milli afrétta sem tengir saman Bjarnalækjarbotna og Leppistungur. Oddviti, sveitarstjóri og fulltrúar skipulagsyfirvalda í hreppunum hafa farið á vettvang og ekki verða gerðar athugasemdir við þessa vegtengingu.
- Hins vegar er um að ræða hverfisvernd við Stóru-Laxá og virðast mismunandi sjónarmið hafa verið samræmd.

Á næsta fundi hreppsnefndar Hrunamannahrepps verður væntanlega fjallað formlega um skipulagstillögur Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Flúðum 13. september 2004

f.h. Hrunamannahrepps,

Ísólfur Gylfi Pálmason



Bláskógabyggð 30. ágúst 2004.

**Skeiða – og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfoss**

Efni: Aðalskipulag Skeiða – og Gnúpverjahrepps.

Byggðaráð Bláskógabyggðar hefur á fundi sínum þann 25. maí 2004 tekið fyrir aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2003- 2015.

Byggðaráð gerir ekki athugasemdir við aðalskipulagið að öðru leiti en því að sveitarfélagsmörk eru ekki í samræmi við aðalskipulag Biskupstungnahrepps frá 2000 – 2012.

Fyrir hönd, sveitarstjórnar Bláskógabyggðar

Ragnar Sær Ragnarsson
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Frumrit í pósti.

GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPUR

Félagsheimilinu Borg - 801 Selfoss

SÍMI: 486 4400 - FAX: 486 4490

NETFANG: gogg@gogg.is - www.gogg.is

Landslag ehf
Ómar Ívarsson
Þingholtsstræti 27
101 Reykjavík


Borg 23. ágúst 2004

Efni: Aðalskipulag Skeiða-og Gnúpverjahrepps 2004-2016

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes-og Grafningshrepps þann 18. ágúst s.l. var lögð fram tillaga að aðalskipulagi Skeiða-og Gnúpverjahrepps 2004-2016 til kynningar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi skipulagsuppdraetti.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar


Margrét Sigurðardóttir

SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPS

4866091

Skrifstofa Ásahrepps

Laugalandi, 851 Hella

Sími: 487-6501 • Fax: 487-6504 • Netfang: asahreppur@sudurland.is • Kt. 430169-0339

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi

801 SELFOSS


17. ágúst 2004

Efni: Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Ásahreppur hefur kynnt sér tillögu að aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. í maí 2004.

Ásahreppur gerir ekki athugasemd við skipulagstillöguna en áskilur sér rétt til að leggja fram athugasemdir þegar tillagan verður auglýst.

Virðingarfyllt,


Jónas Jónsson, oddviti

BT. Ómar's
Kv. 

4866091

HRAUNGERÐISHREPPUR

ÞINGBORG 801 SELFÓSS

kt. 640169-2819 sími 482 3260 fax 482 3285


Þingborg 6.9.2004

Skeiða- og Gnúpverjahreppur,
Árnesi.

Á fundi hreppsnefndar Hraungerðishrepps þ. 26. ágúst var tekin fyrir aðalskipulagstillaga Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Vakin er athygli á að vatnsverndarsvæði Hraungerðishrepps liggur að sveitarfélagamörkum Hraungerðishrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Virðingarfyllst

F.h. hreppsnefndar Hraungerðishrepps


Guðmundur Stefánsson, oddviti



Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Félagsheimilinu Árnasi
801 Selfoss

2002070074
8720



Reykjavík, 10. nóvember 2005

/--

Efni: Tillaga að Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016

Vísað er til erindis Skeiða- og Gnúpverjahrepps, dags. 7. október 2005 (mótt. 13. október) þar sem tillaga að Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 er send Skipulagsstofnun til afgreiðslu og staðfestingar samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga. Tillagan var samþykkt í sveitarstjórn þann 4. október 2005.

Aðalskipulagið samanstendur af :

- Greinargerð: *Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, Stefnumörkun og skipulag, dags. september 2005.*
- Sveitarfélagsuppdráttur, láglendi: *Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Aðalskipulag 2004-2016, dags. september 2005 í mkv. 1:50.000, ásamt þéttbýlisuppdráttum af Árnasi og Brautarholti í mkv. 1:10.000 á sama kortblaði.*
- Sveitarfélagsuppdráttur, hálendi: *Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Aðalskipulag 2004-2016, dags. september 2005 í mkv. 1:100.000.*

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að skýra þurfi og lagfæra eftirtalin atriði áður en aðalskipulagið verður afgreitt til staðfestingar umhverfisráðherra:

Athugasemdir við tillöguna og svör sveitarstjórnar

Vegna afgreiðslu sveitarstjórnar á athugasemdum á auglýsingartíma er bent á eftirfarandi:

- Í athugasemdum 1-3 koma fram óskir nokkurra landeigenda um að skilgreind verði svæði fyrir frístundabyggð á þeirra jörðum. Í einu tilviki er um að ræða blöndu af frístundabyggð og opnu svæði til sérstakra nota. Í svari sveitarstjórnar við þessum athugasemdum kemur fram að fallist er á óskir landeigenda að mestu leyti sem felur í sér að eftirfarandi svæðum hefur verið bætt við aðalskipulagið eftir auglýsingu:
 - F40: 100 ha svæði fyrir frístundabyggð í landi Skarðs I og II.
 - F41/O22: 57,5 ha svæði sem skilgreint er sem blönduð landnotkun frístundabyggðar og opins svæðis til sérstakra nota.

4866091

-F31: Svæði fyrir frístundabyggð í landi Haga II stækkar um 40 ha og verður alls 68,8 ha að stærð.

Samkvæmt 4. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga skal auglýsa aðalskipulagstillögu að nýju skv. 1. og 2. mgr. 18. gr. sömu laga ef sveitarstjórn ákveður í umræðu eftir auglýsingu að breyta aðalskipulaginu í grundvallaratriðum. Þegar litið er til umfangs ofangreindra breytinga þ.e.a.s. tæplega 200 ha stækkun svæða fyrir frístundabyggð án kynningar fyrir hagsmunaaðilum telur Skipulagsstofnun að þær feli í sér breytingar í „grundvallaratriðum“ í skilningi 4. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga og því beri að auglýsa aðalskipulagstillöguna að nýju. Sveitarstjórn getur líka ákveðið að taka upp samþykkt sína fyrir stækkun frístundabyggða, að öllu leyti eða að hluta, að svo stöddu þannig viðbæturnar verði teknar fyrir síðar sem breytingar á staðfestu aðalskipulagi. Þá þarf ekki að endr auglýsa núna.

- Í athugasemdum 7 og 8 mótmæla landeigendur jarðanna Sléttabóls, Kálfhóls 1, Skeiðháholts og Blesastaða II fyrirhuguðu lóni vegna Urriðafossvirkjunar og áskilja sér rétt til skaðabóta ef nýtingarmöguleikar jarðanna verða skertir. Í svari sveitarstjórnar kemur m.a. fram að hreppsnefnd gerir fyrirvara um að Landsvirkjun verði gert að ábyrgjast greiðslu bóta, sem kunna að falla á sveitarfélagið vegna skipulagsins, enda eru fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir og ákvæði þar um sett í aðalskipulag, að þeirra ósk. Þessi fyrirvari kemur einnig fram í kafla um iðnaðarsvæði í greinargerð aðalskipulagsins.

Skipulagsstofnun bendir á að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps getur gert samning um tilhögun fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda, en hún getur ekki að mati stofnunarinnar vísað ábyrgð á ákveðnum þáttum aðalskipulagsins á einstaka framkvæmdaraðila. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun og þróun byggðar á skilgreindu skipulagstímabili og ber hún jafnframt ábyrgð á að allar framkvæmdir séu í samræmi við skipulagið. Stofnunin telur að taka beri út fyrirvara um bótaskyldu sem kemur fram í kafla um iðnaðarsvæði í greinargerð aðalskipulagsins.

- Athugasemdir 9-13 (samantekt) varða framkvæmdir í tengslum við fyrirhugaða Norðlingaölduveitu. Í svari sveitarstjórnar kemur fram að í ljósi þeirra fjölmörgu athugasemda sem bárust vegna aðalskipulags hálendishluta sveitarfélagsins og í samræmi við niðurstöðu samvinnunefndar um svæðaskipulag miðhálendis Íslands 2015, samþykkti hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps við lokaafgreiðslu tillögunnar á fundi sínum þann 6. september 2005 að breyta auglýstri aðalskipulagstillögu Skeiða- og Gnúpverjahrepps til samræmis við niðurstöðu samvinnunefndar. Samþykkt þessi felur í sér að fella skuli út úr auglýstri aðalskipulagstillögu Skeiða- og Gnúpverjahrepps Vesturkvíslalón (I8), Þjorsárjökulslón (I7), skurði og varnargarða þeim tengdum sem og efnistökusvæði (E4) þessum mannvirkjum skyldum.

Skipulagsstofnun bendir á að aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps

4866091

þarf að vera í samræmi við gildandi Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015. Með bréfi samvinnunefndar miðhálandis dags. 23. ágúst 2005 barst Skipulagsstofnun tillaga nefndarinnar um breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 fyrir svæðið sunnan Hofsjökuls sem m.a. varðar fyrirhugaða Norðlingaölduveitu. Í afgreiðslu Skipulagsstofnunar á tillögunni, dags. 25. október 2005, kemur fram að stofnunin leggur til að umhverfissráðherra synji staðfestingu á þeim hluta breytingarinnar sem varðar Norðlingaölduveitu þar sem um sé að ræðu breytingu í grundvallaratriðum frá auglýstri tillögu, sbr. 4. mgr. 13. gr. a. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, auk þess sem hún sé ekki í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver m.s.br. Vegna þess telur Skipulagsstofnun að ekki sé hægt að afgreiða aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps til staðfestingar ráðherra með þeirri útfærslu á Norðlingaölduveitu sem sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 4. október 2005. Stofnunin telur að eftirfarandi tveir möguleikar séu fyrir hendi við frágang aðalskipulagsins:

1. Fresta skipulagi á svæði sem tekur yfir framkvæmdir sem tengjast Norðlingaölduveitu þar sem óvissa ríkir um atriði sem geta hafi veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins, sbr. 20. gr. skipulags- og byggingarlaga.
2. Biða með afgreiðslu aðalskipulagsins þar til umhverfissráðherra hefur staðfest ofangreinda breytingu á svæðisskipulagi miðhálandisins.

Önnur atriði í greinargerð

Athafnasvæði

Á athafnasvæði í Brautarholti er móttökustaður (gámasvæði) fyrir sorp, spilliefni og brotajárn auk þess sem gert er ráð fyrir gámasvæði á athafnasvæði í Árnesi.

Skipulagsstofnun ítrekar þá skoðun að starfsemi móttökustaðs fyrir úrgang í Brautarholti samræmist betur landnotkun iðnaðarsvæðis, sbr. gr. 4.7.1 í skipulagsreglugerð, og því þurfi að afmarka svæðið sem fer undir þessa starfsemi sem iðnaðarsvæði eða skilgreina allt svæðið sem blandaða landnotkun iðnaðar- og athafnasvæðis.

Iðnaðarsvæði

Í kafla um iðnaðarsvæði er nefnd spennistöð vestan þjóðveggar við Brautarholt sem skilgreind er sem iðnaðarsvæði I3 og er vísað í þéttbýlisuppdrátt fyrir Brautarholt varðandi staðsetningu hennar.

Bent er á að iðnaðarsvæði I3 er eingöngu merkt inn á sveitarfélagsuppdrátt í mkv. 1:50.000 en er ekki inn á þéttbýlisuppdraetti fyrir Brautarholt í mkv. 1:10.000. Aftur á móti virðist sem staðsetning I3 á sveitarfélagsuppdraetti sé inn á svæði sem skilgreint er sem A1 á þéttbýlisuppdraetti fyrir Brautarholt. Lagfæra þarf afmörkun þéttbýlisins í Brautarholti á sveitarfélagsuppdraetti til samræmis við afmörkun þéttbýlisuppdraatar og ljóst þarf að vera hvort að iðnaðarsvæði I3 er innan athafnasvæðis A1 eða ekki. Ef svo er þarf að skilgreina hluta af svæðinu sem iðnaðarsvæði (sjá einnig athugasemd um athafnasvæði).

Önnur atriði á uppdráttum

- Í samræmi við tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 fyrir

4866091

svæðið sunnan Hofsjökul á vegur frá Norðlingaöldu og að Kerlingafjöllum að vera skilgreindur sem fjallvegur en ekki sem aðrir vegir.

- Á hálendisupprátt vantar að merkja inn núverandi Þjórsárlón (Kvíslaveita 5. áfangi).

Pétur Ingi Haraldsson
Pétur Ingi Haraldsson

4866091

Skipulags
stofnun2002070074
8720Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Félagsheimilinu Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík, 15. október 2004

/--

Efni: Tillaga að Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016

Með erindi Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags 21. júní 2004 var Skipulagsstofnun send tillaga að Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 til athugunar skv. 2. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga. Stofnunin fór yfir framlagða tillögu, sbr. bréf dags. 29. júlí 2004, en taldi að áður en unnt væri að ljúka athugun þyrfti stofnuninni að berast umsögn nágrannasveitarfélaga og heilbrigðisnefndar vegna umfjöllunar um vatnsverndarmál, umsögn frá Rangárbíngi ytra vegna útfærslu virkjanahugmynda í neðri Þjórsa, auk umsagnar samvinnunefndar miðhálandisins. Þessar umsagnir hafa nú allar berist. Umsögn samvinnunefndar til Skipulagsstofnunar hefur verið send til sveitarfélagsins, sbr. bréf dags. 6. ágúst 2004.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Iðnaðarsvæði

Í aðalskipulagstillögu Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem Skipulagsstofnun fékk til athugunar með bréfi dags. 21. júní 2004, var gert ráð fyrir fyrirhugaðri Núpsvirkjun miðað við að virkjað verði í einu þrepi. Um er að ræða inntakslón, Hagalón, ásamt orku- og veitumannvirkjum og stöðvarhúsi við Miðhús. Skipulagi var frestað á svæði sem fer undir Árneslón ef tveggja þrepa virkjun verður fyrir valinu. Í Aðalskipulagi Rangárbíngs ytra, fyrrum Holta- og Landsveit, 2002-2014 er gert ráð fyrir tveggja þrepa virkjun með tveimur inntakslónum, Hagalóni og Árneslóni, og stöðvarmannvirkjum í landi Rangárbíngs ytra (Holta- og Landsveit), með fyrirvara um samræmingu við stefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Þar sem stefna um Núpsvirkjun í framlagðri tillögu að aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps var í ósamræmi við stefnu aðalskipulags Rangárbíngs ytra óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Rangárbíngs ytra um tillöguna. Í umsögn Rangárbíngs ytra dags. 4. ágúst 2004 kemur fram að ekki er gerð athugasemd við aðalskipulagstillöguna en áréttað að heppilegra væri að virkja í tveimur þrepum. Að ósk Skeiða- og Gnúpverjahrepps boðaði Skipulagsstofnun til fundar með fulltrúum sveitarfélaganna tveggja til að ræða hvernig unnt væri að ganga frá aðalskipulagi fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp miðað við að ekki næðist að samræma stefnu um virkjanir á þessu stigi. Í kjölfar fundarins sendi Skipulagsstofnun bréf, dags. 9. september, til Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem stofnunin taldi að fresta yrði skipulagi í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps á því svæði sem virkjunarkostirnir taka til. Jafnframt var bent á að þó svo að stefna Rangárbíngs ytra um virkjun í tveimur þrepum sé sýnd á aðalskipulagsupprætti væri hún á engan hátt réttærri þar sem framfylgd stefnunnar væri alfarið háð því að stefna aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps sé sú sama. Erindi Skipulagsstofnunar dags. 9. september var svarað með bréfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 1. október sl. þar sem fram kemur að fallist er á að

4866091

fresta skipulagi á því svæði sem tekur til virkjana í neðri Þjórsá að því tilskyldu að þeim hluta Aðalskipulags Rangárþings ytra sem tekur til virkjunar í neðri Þjórsá verði einnig frestað.

Í ljósi erindis Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 1. október sl. mun Skipulagsstofnun taka málið upp við Rangárþing ytra, en ítrekar framkomið álit sitt um að frestun skipulags í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps á svæðum sem virkjunarkostirnir taka til sé jafngild framsetningu Aðalskipulags Rangárþings ytra um virkjanir í neðri Þjórsá. Skipulagsstofnun telur unnt að auglýsa aðalskipulagstillögu Skeiða- og Gnúpverjahrepps þrátt fyrir að endanleg niðurstaða um breytingar á aðalskipulagi Rangárþings ytra liggi ekki fyrir.

Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

Í tillögu að aðalskipulagi Hraungerðishrepps liggur vatnsverndarsvæði að sveitarfélagamörkum við Skeiða- og Gnúpverjahrepp, en ekki er gert ráð fyrir vatnsvernd á þessu svæði í tillögu að aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Í ljósi þessa taldi Skipulagsstofnun að óska þyrfti eftir umsögn heilbrigðisnefndar og nágrannasveitarfélaga áður en hún tæki afstöðu til umfjöllunar um vatnsverndarsvæði í tillögu að Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Ofangreindar umsagnir liggja nú fyrir. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 21. september 2004 er bent á að huga verði að vatnsverndarsvæðum nágrannasveitarfélaga, en slík verndarsvæði eru bæði við mörk Hraungerðishrepps og við mörk Villingaholtshrepps. Einnig er farið fram á að þessi svæði verði skoðuð sérstaklega í samráði við nágrannasveitarfélögin. Í umsögn Hraungerðishrepps er vakin athygli á að vatnsverndarsvæði Hraungerðishrepps liggur að sveitarfélagamörkum Hraungerðishrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Engar athugasemdir koma fram í umsögnum annarra sveitarfélaga.

Skipulagsstofnun telur að samræma þurfi stefnu um landnotkun og vatnsvernd á sveitarfélagamörkum. Í tillögu að Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 þarf að gera grein fyrir ofangreindu vatnsverndarsvæði og taka afstöðu til hvort að afmörkun þess eigi að ná yfir í Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun hefur fengið tillögu að Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 til athugunar samkvæmt 2. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga. Skipulagsstofnun telur að tillagan geti fullnægt kröfum um aðalskipulag verði tillit tekið til ofangreindra athugasemda og athugasemda sem komu fram í bréfi stofnunarinnar dags. 29. júlí 2004 áður en gengið er frá tillögunni til auglýsingar. Að öðrum kosti ber sveitarstjórn að birta athugasemdir Skipulagsstofnunar með tillögunni á auglýsingartíma. Í auglýsingu tillögunnar skal þá koma fram að hún liggi frammi ásamt athugasemdum Skipulagsstofnunar við hana.

Pétur Ingi Haraldsson
Pétur Ingi Haraldsson

2002070074
8720

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Félagsheimilinu Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík, 9. september 2004
/--

Efni: Virkjun við Núp í Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Að ósk Skeiða- og Gnúpverjahrepps boðaði Skipulagsstofnun til fundar þann 2. september síðastliðinn með fulltrúum Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra til að ræða stefnu um landnotkun á sveitarfélagamörkum vegna fyrirhugaðra virkjunaráforma í neðri hluta Þjórsár.

Forsaga málsins er að í gildandi aðalskipulagi Rangárþings ytra er mörkuð stefna um tveggja þrepa virkjun í neðri hluta Þjórsár og hún sett fram með fyrirvara um niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum virkjunarinnar og samræmingu á stefnu hlutaðeigandi sveitarfélaga. Í fyrirleggjandi tillögu að aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps er hinsvegar gert ráð fyrir virkjun í einu þrepi en í úrskurði Skipulagsstofnunar um mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar var fallist bæði á virkjun í 1 þrepi og 2 þrepum. Ekki virðist mögulegt að samræma stefnu sveitarfélaganna á þessu stigi og ekki liggur fyrir hvorum kostinum Landsvirkjun hefur hug á.


Af þessum sökum telur Skipulagsstofnun að fresta verði skipulagi í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahreppi á því svæði sem virkjunarkostirnir taka til þar sem ekki er hægt að staðfesta stefnu sem er í ósamræmi við stefnu aðalskipulags Rangárþings ytra. Í greinargerð aðalskipulagsins verði lýst ástæðum þess að skipulagi á viðkomandi svæðum er frestað og er þar einnig hægt að lýsa yfir hvaða virkjunarkost sveitarstjórn telur að stefna beri að og sýna hann á skýringarkorti. Útfærsla virkjunar í einu þrepi væri þar með ekki staðfest í aðalskipulaginu en það kæmi aftur á móti skýrt fram hver afstaða sveitarstjórnar er varðandi virkjun á þessu svæði.

Skipulagsstofnun telur ekki unnt að sýna 1 þrepa virkjun við Núp á skipulagsuppdrætti og staðfesta aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps með sambærilegum fyrirvara og er við aðalskipulag Rangárþings ytra þar sem með slíkri framsetningu væri ósamræmi í staðfestri stefnu aðalskipulags sveitarfélaganna tveggja varðandi virkjun árinna á þessu svæði og landnotkun viðkomandi svæða.

Skipulagsstofnun bendir á að þó svo að stefna Rangárþings ytra um virkjun í tveimur

þrepum sé sýnd á aðalskipulagsupprætti er framfylgd stefnunnar alfarið háð því að stefna aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps sé sú sama. Stofnunin lítur svo á að stefna Rangárþings ytra um virkjun í tveimur þrepum sé á engan hátt rétthærri en stefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem gerð væri grein fyrir eins og lagt er til að ofan (sbr. 3. mgr.)


Matthildur Kr. Elmarsdóttir


Pétur Ingi Haraldsson

Afrit:
Rangárþing ytra

þjónustusvæði. Svæðið virðist þannig skilgreint sem blönduð landnotkun svæðis fyrir þjónustustofnanir og verslunar- og þjónustusvæðis án þess að skýrt sé hvaða starfsemi fer þar fram eða er áformuð. Í viðauka I með greinargerðinni er fjallað um uppbyggingu á þjónustu í Þjórsárdal í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags Gnúpverjahrepps en tekið fram að sú umfjöllun sé ekki til staðfestingar.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að gerð sé betur grein fyrir núverandi og fyrirhugaðri starfsemi á svæðum Þ13 og Þ14 og að ljóst sé hver stefna sveitastjórnar er varðandi áherslur í landnotkun og uppbyggingu á svæðunum, s.s. varðandi tegund og umfang starfsemi. Í viðauka I er fjallað um mögulega staðsetningu þjónustumiðstöðvar í Þjórsárdal en ekki er ljóst hvers vegna fyrirbyggjandi tillaga gerir ráð fyrir tveimur þjónustumiðstöðvum. Sjá einnig athugasemdir um verslunar- og þjónustusvæði hér að neðan.

Verslunar- og þjónustusvæði

Á bls. 24 eru talin upp svæði sem skilgreind eru sem verslunar- og þjónustusvæði en ekki er gerð nánari grein fyrir hverskonar starfsemi er nú þegar rekin eða er fyrirhuguð á þessum svæðum á skipulagstímabilinu.

Skipulagsstofnun telur að gera þurfi nánari grein fyrir núverandi og fyrirhugaðri starfsemi á verslunar- og þjónustusvæðum í sveitarfélaginu, og þá sérstaklega svæði V11, Hólaskóg, sem skilgreint er sem jaðarmiðstöð skv. svæðisskipulagi miðhálandisins. Í leiðbeiningum um skilgreiningu landnotkunar í aðalskipulagi á miðhálandinu (sjá www.skipulag.is) kemur fram að í aðalskipulagi þarf að útfæra frekar stefnumörkun svæðisskipulagsins um jaðarmiðstöðvar s.s. nánari fyrirmæli um landnotkun og áherslur í deiliskipulagi eða annarri útfærslu.

Athafnasvæði

Á athafnasvæði í Brautarholti er móttökustaður (gámasvæði) fyrir sorp, spilliefni og brotajárn auk þess sem gert er ráð fyrir gámasvæði á athafnasvæði í Árnesi.

Skipulagsstofnun telur að starfsemi móttökustaðs fyrir úrgang í Brautarholti samræmist betur landnotkun iðnaðarsvæðis, sbr. gr. 4.7.1 í skipulagsreglugerð, og því þurfi að afmarka svæði sem fer undir þessa starfsemi sem iðnaðarsvæði eða skilgreina allt svæðið sem blandaða landnotkun iðnaðar- og athafnasvæðis. Athuga þarf hvort sama á við um Árnes.

Iðnaðarsvæði

Á bls. 26 segir að Búrfellsstöð og athafnasvæði hennar (svæði I1) og Sultartangastöð og athafnasvæði hennar (svæði I2) sé skilgreint sem iðnaðarsvæði í bland við opið svæði til sérstakra nota.

Gera þarf grein fyrir hvað þessi blöndun landnotkunar felur í sér.

Í tillögunni er gert ráð fyrir fyrirhugaðri Núpsvirkjun miðað við að virkjað verði í einu þrepi. Um er að ræða inntakslón, Hagalón, ásamt orku- og veitumannvirkjum þar sem stöðvarhús verður við Miðhús. Skipulagi er frestað á svæði sem fer undir Árneslón ef tveggja þrepa virkjun verður fyrir valinu. Í Aðalskipulagi Rangárpings ytra, fyrrum Holta- og Landsveit, 2002-2014 er gert ráð fyrir tveggja þrepa virkjun með tveimur inntakslónum, Hagalóni og Árneslóni, og að öll stöðvarmannvirki verði staðsett í Rangárþingi ytra (Holta- og Landsveit). Aðalskipulag Rangárpings ytra var staðfest af umhverfisráðherra 4. júlí 2003 með fyrirvara um að ákvarðanir um virkjanir í neðri hluta Þjórsár eru háðar samræmingu á stefnu hlutaðeigandi sveitarfélaga og niðurstöðu mats á

umhverfisáhrifum.

Miðað við fyrirbyggjandi aðalskipulagstillögu er ljóst að ekki er samræmi milli stefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps annars vegar og Rangárþing ytra hinsvegar varðandi útfærslu virkjunar við Núp. Áður en Skipulagsstofnun getur tekið afstöðu til umfjöllunar um þennan virkjunarkost eins og hann er settur fram í tillögu að Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þarf stofnuninni að berast umsögn Rangárþings ytra um aðalskipulagstillöguna.

Í tillögunni er sett fram ný útfærsla varðandi stærð og legu Norðlingaöldulóns. Þar sem lónið nær einnig yfir í Holtamannaáfrétt getur Skipulagsstofnun ekki fjallað um þessa útfærslu lónsins fyrr en henni hafa borist umsagnir sveitarfélaganna Rangárþings ytra og Ásahrepps um aðalskipulagstillöguna. Í umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum á bls. 27 og í tilvísun nr. 12 á sömu bls. vantar að vísa til matskýrslu og úrskurða um mat á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu.

Efnistökusvæði

Á bls. 30 er umfjöllun um minniháttar og tímabundna efnistöku og efnistökustaði sem taldir eru vænlegir til notkunar í atvinnuskyni. Á bls. 31 er sett fram stefna um að minniháttar og tímabundin efnistaka í atvinnuskyni sé ekki staðfest í aðalskipulaginu. Efnistökustaðir sem eru skilgreindir á þennan hátt eru merktir inn á þemakort 4 og eiga að vera til leiðbeiningar fyrir sveitarstjórn við mat á umsóknum um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku. Fram kemur að sækja þarf um framkvæmdaleyfi til sveitastjórnar hvort sem náman er nú þegar í notkun eða ekki en aðeins er gert ráð fyrir að festa þurfi efnistökusvæðið í aðalskipulagi ef umfang efnistöku er „mikið“ og um efnistöku til lengri tíma er að ræða.

Skipulagsstofnun bendir á að öll efnistökusvæði sem ekki falla undir skilgreininguna efnistaka til eigin nota skv. 3. mgr. 47. gr. laga um náttúrvernd eiga að vera hluti af staðfestu aðalskipulagi og afmörkuð eða merkt með hringtákni, eftir stærð, inn á skipulagsuppdrátt. Setja þarf fram stefnu um stærð og eða umfang efnistöku á hverju svæði.

Á bls. 32 segir að erfitt sé að leggja má á heildarumhverfisáhrif efnistöku þar sem í mörgum tilvikum sé ekki ljóst hversu mikil efnistaka verðu né hversu viðvarandi. Með vísan til athugasemdarinnar hér að ofan, um að marka þurfi nánari stefnu um einstök efnistökusvæði, þarf einnig að fjalla um umhverfisáhrif á hverju þeirra og sérstaklega svæðum merktum E2, E3 og ~~E4~~.

~~E3~~
E4

Svæði merkt sem ~~E3~~ á skipulagsuppdraetti eru merkt með tveimur litum, þ.e. bæði sem svæði fyrir efnistöku/efnistilflutning og landbúnaðarsvæði.

Gera þarf grein fyrir hvað þessi blöndun landnotkunar felur í sér. Bent er á að þegar svæði eru skilgreind með tveimur landnotkunarlitum þýðir það að gert er ráð fyrir blandaðri landnotkun, en ekki að nota megja svæðið fyrir aðra hvor landnotkunina. Skipulagsstofnun telur að ef nýta á svæðið sem haugsvæði í lengri eða skemmri tíma á skipulagstímabilinu ætti að merkja það með lit efnistökusvæða/haugsvæða, þó svo það kunni að vera nýtt til annara nota síðar. Einnig er bent á að í greinargerð ætti að skilgreina svæðin sem haugsvæði í samræmi við skipulagsuppdrátt en ekki sem svæði fyrir efnistöku/efnistilflutning.

Landbúnaðarsvæði

Í stefnumiði 7 á bls. 21 í 2. kafla um íbúðarsvæði segir að leyfilegt skuli „þar sem aðstæður leyfa, að byggja stök íbúðarhús sem ekki eru tengd búrekstri, á eða við bæjarhlöð bújarða ...“. Í stefnumiði 8 á bls. 38 í 9. kafla um landbúnaðarsvæði segir um slík íbúðarhús að æskilegt sé að þau séu „sem mest byggð upp í tengslum við bæjarhlöð jarðanna ...“.

Miðað við að fastara virðist kveðið að orði á bls. 21 varðandi staðsetningu húsanna þarf að taka af allan vafa um hvort stök íbúðarhús ótengd búrekstri séu einungis heimil á eða við bæjarhlöð eða hvort þau séu einnig heimil annarsstaðar á bújörðum. Athuga ætti hvort ástæða er til að setja takmörk á fjölda stakra íbúðarhúsa sem eru heimil á hverri jörð, sbr. takmörk á fjölda frístundahúsa.

Svæði fyrir frístundabyggð

Við Stóra-Hof/Bólstað og Skriðufell eru stór svæði skilgreind sem blönduð landnotkun frístundabyggðar og opins svæðis til sérstakra nota.

Gera þarf grein fyrir hvað þessi landnotkun felur í sér og setja fram stefnu um áherslur í landnotkun á svæðinu.

Minnt er á að auk þess sem gera þarf grein fyrir sorphirðu í deiliskipulagi frístundabyggðasvæða eins og nefnt er í stefnumiði 2 á bls. 41, þarf að gera grein fyrir vatnsöflun, fráveitu o.fl. í deiliskipulagi sbr. gr. 4.11 í skipulagsreglugerð og því eðlilegt að það komi einnig fram.

Vakin er athygli á að „heildarskipulag“, sem undirbúningur að gerð deiliskipulags, sbr. stefnumið 5 á bls. 41, er ekki bindandi gagnvart áframhaldandi deiliskipulagsgerð skv. skipulags- og byggingarlögum.

Í stefnumiði 7 á bls. 41 segir að stærðir frístundahúsalóða eigi að jafnaði að vera á bilinu 0,5-1,0 ha. Jafnframt verði leyfilegt að skipuleggja þyrpingar með 1500-2000 fermetra lóðum og einnig 2 ha lóðum.

Setja þarf viðmið um við hvaða aðstæður og/eða í hvaða tilvikum heimilt er að frístundalóðir í deiliskipulagi geti vikið frá almennri stefnu um 0,5-1,0 ha lóðir. Tengja mætti slíkar viðmiðanir um stærðir lóða á frístundabyggðarsvæði við stefnu um gerð „heildarskipulags“ af hverju svæði í tengslum við deiliskipulagsgerð.

Opið svæði til sérstakra nota

Á bls. 45 kemur fram að Þjórsárdalur allur er skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota án þess að gerð sé nánari grein fyrir hvað sú skilgreining feli í sér. Innan hans eru merkt einstök svæði þar sem gert er ráð fyrir tiltekinni notkun, sbr. O17, O19 og O20. Fram kemur að nánari stefna fyrir einstök svæði innan Þjórsárdals skuli mörkuð í deiliskipulagi en ekki er ljóst hvort þar er átt við dalinn í heild eða við svæði merkt með O og númeri. Ekki er sett fram stefna fyrir svæðið í heild.

Skipulagsstofnun telur að gera þurfi nánari grein fyrir stefnu sveitarfélagsins varðandi Þjórsárdal, sérstaklega í ljósi umfjöllunar um svæðið sem sett er fram í viðauka I og á uppruna sinn í mógildandi aðalskipulagi Gnúpverjahrepps, en tekið er fram í kaflafyrirsögn að umfjöllunin er ekki til staðfestingar.

Samgöngur

Í kafla 12 um samgöngur segir að varðandi flokkun vega á hálendinu í aðalfjallvegi, fjallvegi og einkavegi sé vísað til svæðisskipulags miðhálendisins. Helstu vegir á

hálendinu eru tilgreindir og fram kemur hvort þeir eru fjallvegir eða einkavegir og aðrar ökuleiðir. Á skipulagsupphætti af hálendi eru hinsvegar allir vegir settir í flokkinn „aðrir vegir“ og sagðir „aðeins til skýringar“.

Uppdrátt þarf að setja fram í samræmi við það sem fram kemur í greinargerðinni.

Í svæðisskipulagi miðhálendisins er sýnd reiðleið sem nær frá Skáldabúðum og að Gljúfurleit norðan við Sultartangalón en á hálendisupphætti aðalskipulagstillögu nær leiðin eingöngu að (skálunum) Skeiðamannafit.

Gera þarf grein fyrir þessu ósamræmi.

Veitur

Veitur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru sýndar á þemakorti 6 í greinargerð en á skipulagsupphætti hefur rafveita eingöngu verið merkt inn.

Ef öll stofn- og dreifikerfi veitna eru ekki sýnd á skipulagsupphætti þarf á honum að vísa í þemaupphættinn yfir veitur.

Bent er á að effjarskiptamannvirki á Búrfelli teljast til stofnkerfis fjarskipta þarf að gera grein fyrir þeim á upphætti.

Þjóðminjaverndarsvæði

Friðlýstar fornleifar eru merktar inn á skipulagsupphætti auk þess sem þeim er gerð skil á bls. 65-66 í kafla 16 um þjóðminjaverndarsvæði. Í kafla 16 eru einnig taldar upp þjóðminjar sem getið er í svæðisskipulagi miðhálendisins en þær hafa ekki verið færðar inn á skipulagsupphætti. Í viðauka I er svo ýtarlegri umfjöllun um þjóðminjar í sveitarfélaginu og sett fram það sem kallað er forskráning og flokkun þekktara menningarminja í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eftir rituðum heimildum, þó ekki fornleifaskrár sem unnar hafa verið fyrir einstök svæði s.s. vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda. Í viðaukanum er einnig birt þemakort sem sýnir staðsetningu nokkurra þekktara menningarminja skv. ábendingum.

Að mati Skipulagstofnunar á listi yfir þekktar fornleifar/menningarminjar sem birtur er í kafla 2.2 í viðauka I heima í kafla 16 og eftir því sem unnt er ætti að kortleggja allar þekktar minjar. Ef ekki er unnt að merkja allar þekktar fornleifar (sbr. fyrirbyggjandi skrár og samantektir sem tilgreindar eru í 16. kafla og kafla 2.2. í viðauka I), inn á skipulagsupphætti eða þemaupphætti, þarf á skipulagsupphætti að vísa til umfjöllunar um fornleifar í greinargerð. Lagt er til að eftirfarandi texti komi fram í skýringardálki á eftir „þjóðminjaverndarsvæði“ (m.v. að efni í viðauka I verði flutt í 16. kafla): „Varðandi aðrar þekktar fornleifar, sjá 16. kafla í greinargerð.“ Þar sem staðsetning þjóðminja sem getið er í svæðisskipulagi miðhálendisins er þekkt er ástæða til að merkja þær inn á skipulagsupphætti.

Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum
Á bls. 68 segir að ekki sé unnt að flokka á fullnægjandi hátt vötn og tjarnir í sveitarfélaginu skv. flokkunarkerfi reglugerðar nr. 796/1999 (Flokkur A-E) vegna skorts á grunnögnum.

Athuga þarf hvort ekki sé ástæða til að setja langtímamarkmið heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar um ástand vatns miðað við flokka A og B, sbr. 8. gr. ofangreindrar reglugerðar, þó ekki sé lokið flokkun á ástandi vatns skv. 9. gr. sömu reglugerðar. Hafa ber samráð við heilbrigðisnefnd vegna þessa og hvort ástæða er til að setja fram tímasetta áætlun um flokkun vatns í sveitarfélaginu, með hliðsjón af bráðbirgðaákvæði reglugerðarinnar um að flokkun vatns skuli hafa verið lokið fyrir 29. október 2003.

Í tillögunni hefur vatnsverndarsvæði verið afmarkað upp af vatnsbólum í landi Framnes, Birnustaða, Álfstaða, Fjalls og Ósabakka og nær það að sveitarfélagamörkum ~~Hrunamannahrepps~~. *Blásk.*

Þar sem afmörkun ofangreinds vatnsverndarsvæðis liggur meðfram sveitarfélagamörkum á löngum kafla má vænta þess að vatnsverndin sé að einhverju leyti háð núverandi og fyrirhugaðri landnotkun í ~~Hrunamannahreppi~~. *Blásk.* Að sama skapi má má benda á að í tillögu að aðalskipulagi Hraungerðishrepps sem Skipulagsstofnun er með til umfjöllunar er gert ráð fyrir vatnsverndarsvæði sem liggur meðfram sveitarfélagamörkum við Skeiða- og Gnúpverjahrepps og vatnsverndin þ.a.l. að einhverju leyti háð núverandi og fyrirhugaðri landnotkun í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að aðliggjandi sveitarfélög samræmi stefnumörkun sína varðandi landnotkun og afmörkun vatnsverndarsvæða á sveitarfélagamörkum. Einnig bendir Skipulagsstofnun á að það er hlutverk heilbrigðisnefndar að ákvarða vatnsverndarsvæði, sbr. 9. gr. reglugerðar 536/2001 um neysluvatn.

Í ljósi þessa telur stofnunin að hún geti á þessu stigi ekki tekið afstöðu til umfjöllunar um vatnsverndarsvæði þar sem umsögn heilbrigðisnefndar og nágrannasveitarfélaga, ~~Hrunamannahrepps og Hraungerðishrepps~~, liggur ekki fyrir.

Blásk.

Hverfisverndarsvæði

Í tillögunni eru tilgreind 13 svæði sem um gilda ákvæði hverfisverndar.

Á hálendisuppdraetti renna sum hverfisverndarsvæðin saman í eitt sem gerir það að verkum að ekki er hægt að sjá hvernig hvert og eitt þeirra er afmarkað. Þar sem misjafnar reglur gilda á sumum þessara svæða er nauðsynlegt að svæðin séu afmörkuð á þann hátt að hægt sé að greina á milli svæða. Athuga þarf afmörkun hverfisverndarsvæða þannig að þau nái ekki yfir landnotkun sem ekki á heima á hverfisverndarsvæðum, t.d. við Norðlingaöldulón.

Svæði undir náttúruvá

Á bls. 77 í kafla um náttúruvá kemur fram að Þjórsá hefur brotið land á Skeiðum, allt frá Murneyrum og fram undir Kálfhól, og að Hvítá hefur brotið land á svæðinu frá Bauluós og norður fyrir bæinn að Fjalli. Einnig kemur fram að landbrot vegna vatnavaxta í Þjórsá hefur minnkað á undanförunum árum og að Landsvirkjun hafi reist varnargarða með Þjórsá og að grjót hafi verið keyrt í bakka Hvítár. Í stefnuhluta kaflans, bls. 78, kemur svo fram að þar sem eru þekkt flóðahættusvæði og/eða líklegir farvegir flóða og þar sem landbrot hefur átt sér stað við Hvítá og Þjórsá, skal að jafnaði miða við að byggingar standi í meiri fjarlægð en 50 m frá vatnsbakka.

Skipulagsstofnun telur að gera þurfi betur grein fyrir þekktum flóðasvæðum s.s. með því að merkja þau inn á skipulagsuppdrátt eða á þemakort, auk þess sem gera þarf grein fyrir núverandi og fyrirhuguðum varnargörðum á skipulagsuppdraetti.

Varðandi skriðuhættu er vísað í kafla 1.7 í viðauka I. Þar er m.a. fjallað um skriðuhlaup í svokölluðum Fossdal inn af Þjórsárdal þar sem fram kemur að hugsanlegt er að innan tíðar, án þess að það sé skilgreint nánar, muni berghlaup falla á þessu svæði.

Eftalín er raunverulegt hætta á slíku berghlaupi þarf að gera grein fyrir staðsetningu þessa svæðis á uppdraetti og í greinargerð, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðinu og hvaða reglur gilda um umgengni og mannvirkjagerð. Skriðuhættu og vörnum gegn henni þarf að gera skil í 19. kafla.

Á bls. 78 kemur fram að Heklugos hafa í gegnum tíðina valdið stórfelldum gróðurskemmdum í Gnúpverjahreppi og þá sérstaklega í Þjórsárdal. Ástæða er til að greina betur frá þeirri vá sem stafar af Heklugosum og hugsanlegum áhrifum hennar á byggð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Á bls. 78 kemur fram varðandi jarðskjálftahættu að Skeiða- og Gnúpverjahreppur sé á álagssvæði 4 og vísað er í FS ENV 1998, Eurocode 8 varðandi hönnun húsa og efnisnotkun.

Skipulagsstofnun bendir á að flokkun í álagssvæði 4 átti sér tilvísun í staðalinn ÍST 13/1989 sem er fallinn úr gildi. Í stað hans er í gildi evrópskur forstaðall Eurocode 8: Design provisions for earthquake resistance of structures, ásamt tilheyrandi þjóðarskjöllum. Í þjóðarskjalinu FS ENV 1998-1-1:1994 er mynd 1 sem sýnir skiptingu Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma og tafla 1 sem tilgreinir við hvaða hönnunarhröðun skal miða í þéttbýliskjörnum. Hönnunarhröðunarsvæðin flokkast í 5 flokka sem miðast við hönnunarhröðun 0,10 g, 0,15 g, 0,20 g, 0,30 g og 0,40 g. Því hærra sem talan er því hærra er álagið á svæðinu og skal við hönnun mannvirkja reikna með þeirri hönnunarhröðun sem er tilgreind á hverju svæði. Samkvæmt þjóðarskjalinu fellur neðri hluti Skeiða- og Gnúpverjahrepps undir hönnunarhröðunarsvæði 0,40 g en efri hlutinn undir 0,30 g, 0,20 g, 0,15 g og 0,10 g. Byggingarfulltrúa er heimilt að ákvarða hönnunarhröðun á sínu svæði utan tilgreindra þéttbýliskjarna. Slík ákvörðun skal vera innan þess ramma sem staðallinn leyfir, þ.e. með hliðsjón af mynd 1. Ofangreindar upplýsingar þurfa að koma fram í aðalskipulaginu og á skipulagsupprætti þarf að vera tilvísun í evrópska staðalinn og þjóðarskjalið. Skipulagsstofnun leggur til eftirfarandi texta: „Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir forstaðallinn EC-8 (ENV 1998) ásamt tilheyrandi þjóðarskjöllum. Samkvæmt þjóðarskjali FS ENV 1998-1-1:1994 er Skeiða- og Gnúpverjahreppur er á hönnunarahraðasvæðum 0,40 g, 0,30 g, 0,20 g, 0,15 g og 0,10 g.“

Einnig bendir Skipulagsstofnun á að í þjóðarskjali FS ENV 1998-5:1994 segir að mikilvægt sé fyrir hönnuði og byggingarfulltrúa að afla sem gleggstra upplýsinga um virkar sprungur á jarðskjálftasvæðum og taka tillit til þeirra við hönnun mannvirkja. Það væri því æskilegt að þekktar og virkar sprungur væru kortlagðar af viðurkenndum aðila.

Skipulag hálendis

Eftirfarandi atriði eru ekki í samræmi við svæðisskipulag miðhálendisins sbr. ofangreindar athugasemdir, en þeirra er ekki getið í kafla 22 þar sem tilgreind eru „frávik“ frá svæðisskipulaginu:

- Þjórsárjökulslón og Vesturkvíslalón sem sýnd eru á hálendisupprætti eru ekki í svæðisskipulaginu.
- Þjórsárlón (Kvíslaveita 5. áfangi) er ekki sýnt á aðalskipulagsupprætti.
- Reiðleið sem í svæðisskipulaginu nær frá Skáldabúðum að Gljúfurleit nær eingöngu að Skeiðamannafit í aðalskipulagstillögunni.
- Vegir sem skilgreindir eru sem aðalfjallvegir og fjallvegir í svæðisskipulaginu skulu skilgreindir sem slíkir í aðalskipulagi.

Með bréfi dags. 1. júlí sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn samvinnunefndar miðhálendis um skipulagstillöguna sbr. 2. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 12. gr. a í skipulags- og byggingarlögum. Umsögn hefur ekki borist.

Bent er á að ef aðalskipulagstillaga kallar á breytingar á svæðisskipulagi þarf að auglýsa svæðisskipulagsbreytinguna á undan eða samtímis aðalskipulagstillögunni og aðalskipulagið getur ekki tekið gildi fyrir en svæðisskipulagsbreytingin hefur tekið gildi.

Framsetning skipulagstillögunnar

Í viðauka I er umfjöllum um ýmsar forsendur aðalskipulagstillögunnar en tekið fram að hann sé ekki til staðfestingar.

Að mati Skipulagsstofnunar eru atriði í viðauka sem eiga heima í greinargerðinni sjálfri, sbr. athugasemdir við þjóðminjaverndarsvæði, náttúruvá og landnotkun í Þjórsárdal að ofan.

Önnur atriði í greinargerð


- Gera þarf grein fyrir helstu breytingum sem verða frá gildandi skipulagsáætlunum þ.e. Aðalskipulagi Brautarholts 1988-2008 og Aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013.
- Neðst á bls. 7 er minnst á Gnúpverjahrepp en á væntanlega að vera Skeiða- og Gnúpverjahreppur.
- Samræma þarf skipulagstímabil aðalskipulagsins á skipulagsuppdráttum og í greinargerð.
- Á hálendisuppdrátt vantar að merkja inn núverandi Þjórsárlón (Kvíslaveita 5. áfangi).
- Svæði F4 vantar í töflu 6. bls. 43. Einnig er ekki gerð grein fyrir frístundabyggðasvæði neðan vegar 32, rétt vestan við Þrándarlund.
- Það væri til bóta ef upptalning frístundabyggðasvæða í töflu á bls. 43 væri í númeraröð til að auðvelda samanburð við skipulagsuppdrátt en þar eru frístundabyggðasvæði merkt í númeraröð frá suðvestri til norðausturs. Einnig væri æskilegt að sameina A og B hluta töflunnar í eina töflu sem nær yfir Skeiða- og Gnúpverjahrepp.
- Í lið 8 bls. 41-42 eru taldir upp fjallaskálar og leitarannakofar sem skilgreindir eru sem frístundabyggð og merktir eru á uppdrátt. Í upptalningu virðist sem ekki hafi verið gerð grein fyrir frístundabyggð rétt við línuveg Sultartangalínu austan við Tjaldfell (á láglendisuppdrætti) auk þess sem mannvirki við Geldingarás við Þjórsá sem hafa ekki verið merkt inn á uppdrátt. Einnig má benda á að nafn Sóleyjarhöfða í Þjórsárverum er ekki á uppdrætti.
- Efst á bls. 45 er tilvísun í þemakort sem ekki virðist vera til staðar.
- Svo virðist sem friðlýstar fornleifar tilgreindar sem M17 og M19 í greinargerð séu ekki merktar inn á uppdrátt. Á láglendisuppdrætti er einnig eitt ómerkt þjóðminjaverndarsvæði rétt austan við Minni-Núp.
- Á bls. 79 er sagt að lóðir í Brautarholti séu skilgreindar sem miðsvæði þegar væntanlega er átt við verslunar- og þjónustusvæði.

Önnur atriðið á skipulagsuppdráttum

- Það vantar tákn yfir stíflur í skýringum láglendisuppdráttar.
- Efnistökusvæði við Murneyrar er merkt E33 en á væntanlega að vera E4.
- Hverfisverndarsvæði nær að hluta til yfir Norðlingaöldulón sem það væntanlega á ekki að gera.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða tillögu að Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 og telur að taka þurfi tillit til ofangreindra athugasemda. Áður en unnt er að ljúka athugun skv. 2. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga þarf sveitarstjórn að leita eftir umsögnum nágrannasveitarfélaga og heilbrigðisnefndar. Skipulagsstofnun mun taka tillöguna aftur til athugunar þegar þessar umsagnir ásamt umsögn samvinnunefndar miðhálendisins hafa borist.


Matthildur Kr. Elmarsdóttir


Pétur Ingi Haraldsson

Afrit:
Landslag, Þráinn Hauksson
Milli fjalls og fjöru - skipulagsráðgjafar, Haraldur Sigurðsson

2002070074
8720

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Már Haraldsson, oddviti
Félagsheimilinu Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík, 7. apríl 2004
/--

**Efni: Umsögn um vinnslutillögu Aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps
2003-2015**

Visað er til erindis Þráins Haukssonar dags. 12. mars 2004, fyrir hönd skipulagsráðgjafa og sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps, þar sem óskað er eftir umsögn Skipulagsstofnunar um drög að tillögu að Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2002-2014.

Framlögð gögn:

- Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2003-2015: Stefnumörkun og skipulag (drög 1), dags. mars 2004
- Skipulagsuppdráttur af byggð, dags. mars 2004 (í vinnslu): Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Tillaga að Aðalskipulagi 2003-2015, láglendi í mkv. 1:50.000 og þéttbýlisuppdráttir af Árnesi og Brautarholti í mkv. 1:10.000
- Skipulagsuppdráttur af hálendi, dags. febrúar 2004 (í vinnslu): Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Tillaga að Aðalskipulagi 2003-2015 í mkv. 1:100.000

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir eftirfarandi athugasemdir við efni og framsetningu tillögunnar:

Inngangur

Í umfjöllun um gildandi skipulagsáætlanir bls. 9 vantar að telja upp Aðalskipulag Brautarholts 1988-2008 og Aðalskipulag Gnúpverjahrepps 1993-2013. Yfirfara þarf lista yfir deiliskipulagsáætlanir í gildi út frá teikningaskrá Skipulagsstofnunar.

1. Staðhættir og framtíðarsýn

Umfjöllun um staðhætti sveitarfélagsins er skipt í tvennt þ.e. í Skeið annarsvegar og Eystri-Hrepp hinsvegar (Gnúpverjahrepp) Æskilegt er að birt sé skýringarkort sem sýnir skiptingu sveitarfélgsins í þessi tvö svæði.

3. Svæði fyrir þjónustustofnanir

Fram kemur að Þ13 sé upplýsinga- og þjónustumiðstöð fyrir Þjórsárdal/hálendið sbr.

stefnumörkun svæðisskipulags miðhálandisins um jaðarmiðstöðvar og miðað við skipulagsuppdrátt er hún staðsett við Þjóðveg 32, rétt sunnan við bæinn Skriðufell. Á bls. 194 í greinargerð svæðisskipulags miðhálandisins kemur hinsvegar fram að eina jaðarmiðstöðin á svæðinu er Hólaskógur (V11), sem er rétt vestan við Sultartangastöð. Sjá nánar athugasemdir við kafla 4 hér að neðan.

4. Verslunar- og þjónustusvæði

Fremst í kaflanum er skilgreining á miðsvæði skv. skipulagsreglugerð en mælt er með að því verði sleppt þar sem sem ekkert svæði í aðalskipulaginu hefur verið skilgreint sem miðsvæði.

Í 2. lið á bls. 22 kemur ranglega fram að svæði V10 Þjórsárdalur sé skilgreint sem jaðarmiðstöð í svæðisskipulagi Miðhálandisins því á bls. 194 í greinargerð svæðisskipulagsins kemur fram að V11 Hólaskógur er skilgreint sem jaðarmiðstöð en ekki er minnst á svæði V10. Almennt þarf að gera betur grein fyrir núverandi starfsemi og fyrirhugaðri uppbyggingu á verslunar- og þjónustusvæðum í sveitarfélaginu. Á þetta sérstaklega við um uppbyggingu þjónustumiðstöðvar fyrir Þjórsárdal og hálendið þar sem svo virðist sem misskilnings gæti varðandi staðsetningu svokallaðrar jaðarmiðstöðvar.

Í kafla 4.4 í Viðauka I, þar sem fjallað er um stefnumörkun fyrir Þjórsárdal eins og hún var í Aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013, kemur fram að gert er ráð fyrir uppbyggingu ferðamannaþjónustumiðstöðvar við Skriðufellskóg með tilheyrandi túnnum. Í núverandi aðalskipulagstillögu er þetta svæði merkt bæði sem Þ13 og V10 en ekki er ljóst hvort að stefna núgildandi aðalskipulags um þetta svæði eigi að gilda áfram óbreytt þar sem ekki er gerð grein fyrir núverandi né fyrirhugaðri starfsemi svæðisins í kafla 3 og 4. Jafnframt er ekki heldur ljóst hvort að sveitarstjórn geri ráð fyrir að þetta svæði verði skilgreint sem jaðarmiðstöð í stað Hólaskógar.

Bent er á að í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um skilgreiningu landnotkunar í aðalskipulagi á miðhálandinu (sjá www.skipulags.is) kemur fram að í aðalskipulagi þarf að útfæra frekar stefnumörkun svæðisskipulagsins um jaðarmiðstöðvar, s.s. nánar fyrirsmáli um landnotkun og áherslur í deiliskipulagi eða annarri útfærslu.

5. Athafnasvæði

Á athafnasvæði í Brautarholti er móttökustaður (gámasvæði) fyrir sorp, spilliefni og brotajárn auk þess sem gert er ráð fyrir gámasvæði á athafnasvæði í Árnesi. Skipulagsstofnun telur að starfsemi móttökustaðs fyrir sorp í Brautarholti samræmist e.t.v. betur landnotkun iðnaðarsvæðis og því þurfi að athuga hvort skilgreina ætti svæðið sem blandaða landnotkun iðnaðar- og athafnasvæðis.

6. Iðnaðarsvæði

Gera þarf nánari grein fyrir í hverju fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir í sveitarfélaginu felast s.s. með lýsingu á fyrirhuguðum mannvirkjum, stærð og staðsetningu uppistöðulóna, breytingu á núverandi landnotkun, mismunandi kostum/útfærslum virkjana og megin umhverfisáhrifum. Ekki er nóg að vísa eingöngu í gögn vegna mats á umhverfisáhrifum þessara framkvæmda. Sérstaklega þarf að koma fram rökstuðningur fyrir stefnu sveitastjórnar í þessum málum m.t.t. mismunandi kosta á útfærslu fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda þar sem ekki virðist vera samræmi milli þess virkjunarkosts fyrir virkjun við Núp sem settur er fram í þessari aðalskipulagstillögu og þess kosts sem sýndur

er í Aðalskipulagi Rangárbings ytra, fyrrum Holta- og Landssveit, 2002-2014. Gera þarf grein fyrir samráði við nærliggjandi sveitarfélög og gera þarf grein fyrir öllum þeim virkjanakostum sem metnir hafa verið skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Sýna ætti kostina á skýringarkorti en á skipulagsuppdraetti yrði eingöngu sýndur sá kostur sem sveitastjórn stefnir að.

7. Efnistökusvæði

Í forsenduhluta kafla 7 um efnistökusvæði eru tilgreindar 3 stórar námur sem eru í notkun, þ.e. við Hekluhaf, Reykholt og Sandfell. Í stefnuhluta kaflans eru námurnar við Hekluhaf og Reykholt tilgreindar en ekki Sandfell. Ekki er því ljóst hver stefnan varðandi námuna í Sandfelli er og gera þarf grein fyrir áætlaðu umfangi efnistöku og stærð efnistökusvæðis við Reykholt þannig að ljóst sé hvort efnistakan fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Í forsenduhluta kaflans eru tilgreindar eru 35 „umfangsminni“ námur þar sem farið hefur fram, fram fer eða fyrirhuguð er „umfangsminni“ efnistaka. Fram kemur að þetta séu „heimanámur“ en að sumar þeirra séu í einhverjum mæli notaðar í atvinnuskyni og vegna vegagerðar og að ekki liggi fyrir upplýsingar um stærðir þessara náma, efnismagn, leyfilegan gildistíma og/eða áætlanir um lokun, „enda í langflestum tilvikum um námur til eigin nota að ræða, sem ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir til sveitarstjórnar“. Í stefnuhluta kaflans virðast 4 af þessum námum (þ.e. Ásólfstaðir, Fossanes, Ásaskóli og hugsanlega Stóra-Mástunga) tilgreindar en ekki er ljóst hver stefnan er varðandi hinar námurnar sem tilgreindar eru í forsenduhluta, t.d. hvort þær falla allar undir efnistöku til eigin nota og eru því ekki framkvæmdaleyfis skyldar, sbr. ákvæði 47. gr. laga um náttúruvernd. Í stefnuhlutanum virðast einnig nefndar 2 námur (Gaukshöfði og Árnes) sem ekki eru tilgreindar í listanum í forsenduhluta og ekki er ljóst hvers vegna.

Í 3. lið í stefnuhlutanum segir að gert sé ráð fyrir tímabundinni efnistöku vegna virkjanaframkvæmda og vegagerðar og að þeir efnistökuastaðir séu ekki staðfestir nema í undantekningartilvikum, en verði sýndir sérstaklega á þemakorti (sem er ekki í þessari útgáfu). Í lista yfir svæði þar sem gert er ráð fyrir „umfangsminni“ efnistöku á skipulagstímabilinu er annarsvegar tilgreind efnistaka/efnisflutningar (haugstæði) vegna virkjanaframkvæmda sem merkt eru sem 9 aðskilin svæði, E9, á skipulagsuppdraetti og hinsvegar tímabundnir efnistökuastaðir vegna vegagerðar (E10) en þau svæði virðast ekki sýnd á skipulagsuppdraetti. Þá eru haugsvæði vegna miðlunarlóna og setlóna á hálendi tilgreind sem E11 en þau eru ekki sýnd á skipulagsuppdraettinum. Ekki er ljóst hvort E9, E10 og E11 falla undir svokölluð „undantekningartilvik“ og ekki er ljóst hvaða munur er á efnistökuastaðum sem teljast vera undantekningartilfelli og þeim sem eru það ekki og hvaða rök liggja að baki slíkri skiptingu þar sem engar upplýsingar eru um stærð eða umfang þessara svæða. Ennfremur er ekki ljóst af hverju E9 er sýnt á uppdraetti en ekki E10 og E11.

Skipulagsstofnun mælir með að skipulagstillagan taki til allra áformaðra efnistökusvæða annarra en þeirra sem falla undir ákvæði um efnistöku til eigin nota skv. 2. mgr. 47. gr. laga um náttúruvernd. Áætla þarf umfang og stærð allra svæðanna sem verða í notkun á skipulagstímabilinu, hvort sem þau heyra undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum eða teljist vera „umfangsminni“ efnistaka í atvinnuskyni.

Svæði merkt sem E9 á skipulagsuppdraetti eru merkt með tveimur litum, þ.e. bæði sem

svæði fyrir efnistöku/efnistilflutning og landbúnaðarsvæði án þess að útskýrt sé hvernig þessir tveir landnotkunarflokkar geti farið saman. Venjan er að þegar svæði eru sýnd með tveimur landnotkunarlitum þýði það að gert er ráð fyrir blandaðri landnotkun, en ekki að nota megi svæðið fyrir aðra hvor landnotkunina.

Umfjöllun um umhverfismat efnistöku er ólokið og því eru ekki gerðar athugasemdir við hana á þessu stigi.

8. Sorpförgun

Sjá athugasemd við kafla 5 Athafnasvæði.

9. Landbúnaðarsvæði

Í 4. lið í stefnuhluta kafla 9 er vísað til 27. gr. skipulags- og byggingarlaga varðandi tilkynningu um áformaða skógrækt til sveitarstjórnar. Sú tilvísun virðist ekki eiga við í þessu samhengi þar sem 27. gr. fjallar um framkvæmdaleyfi og skógrækt telst einungis framkvæmdaleyfisskyld ef hún er háð lögum um mat á umhverfsiáhrifum eins og fram kemur neðar í sama lið.

Athuga þarf hvort ástæða er til að setja takmörk á fjölda stakra íbúðarhúsa sem eru heimil á hverri jörð, sbr. takmörk á fjölda frístundahúsa.

Í umfjöllun um umhverfsiáhrif skógræktar á landbúnaðarsvæðum segir að þess verði að gæta að áhrif skógræktar á hefðbundið búsetulandslag, vallendisása og hliðabelti verði sem minnst og sérstaklega verði að gæta þess að raska sem minnst náttúrulegum skógi og að svæðum með verndargildi verði ekki raskað. Athuga ætti hvort þessi atriði ættu ekki að koma fram undir stefnuliðum tillögunnar.

10. Svæði fyrir frístundabyggð

Í 5. lið í stefnuhluta kafla 10 segir: „Þegar lagt er fram deiliskipulag sumarhúsaloða sem er hluti af stærra óskipulögðu sumarhúsasvæði, skal deiliskipulagið fela í sér heildarskipulag alls svæðisins varðandi vega- og veitukerfi, göngustíga og útivistarsvæði og gera skal grein fyrir áfangaskiptingu síðari uppbyggingar.“ Skipulagsstofnun telur þessa stefnu jákvæða en bendir á að athuga orðalag m.t.t. hversu raunhæft er að krefjast heildarskipulags á hverju svæði og þá hversu bindandi sú krafa eigi að vera.

Leiðréttu þarf texta í 6. lið á bls. 39 þar sem fram kemur að leyfilegt sé að byggja allt að 3 stök sumarhús á bújörð innan landbúnaðarsvæða án þess að sérstakt deiliskipulag sé gert fyrir þau. Deiliskipulagsskylda er óháð fjölda húsa sbr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga þar sem segir að óheimilt sé að reisa hús nema það sé í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag. Sveitarstjórn getur þó heimilað stakar framkvæmdir sem um kann að verða sótt að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar, sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða framangreindra laga.

Í 8. lið á bls. 39 eru taldir upp fjallaskálar og leitarmannakofar á hálendinu sem skilgreindir eru sem frístundabyggð. Þar er Hólaskógur m.a. talin upp og sagður einnig skilgreindur sem verslunar- og þjónustusvæði en skv. uppdrætti og umfjöllun í kafla 4 er þetta svæði eingöngu skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði en ekki sem frístundabyggð. Samræma þarf umfjöllun um fjallaskála og leitarmannakofa í greingargerð og merkingu þeirra á skipulagsuppdrætti. Í sumum tilvikum eru svæði sem merkt eru sem fjallasel í

greinargerð merkt sem skálasvæði á uppdrætti. Á skipulagsuppdrættinum þarf fyrst og fremst að vera skýrt hver þessara svæða eru skilgreind sem frístundabyggðarsvæði og hver sem verslunar- og þjónustusvæði. Upplýsingar um hvort þau flokkast í fjallasel, skála eða miðstöðvar eru til frekari skýringar sem á heima í greinargerð en ekki endilega á skipulagsuppdrætti. Til að auðvelda samlestur greinargerðar og uppdráttar væri til bóta að hafa nafn skála eða fjallaselja á uppdrætti.

Við Stóra-Hof/Bólstað og Skriðufell eru stór svæði skilgreind sem blönduð landnotkun frístundabyggðar og opins svæðis til sérstakra nota. Gera þarf nánari grein fyrir hvað þessi landnotkun felur í sér, t.d. að hvaða leyti þessi svæði eru frábrugðin öðrum frístundabyggðasvæðum.

Það væri til bóta ef upptalning frístundabyggðasvæða í töflu á bls. 41 væri í númeraröð til að auðvelda samanburð við skipulagsuppdrátt en þar eru frístundabyggðasvæði merkt í númeraröð frá suðvestri til norðausturs.

11. Opið svæði til sérstakra nota

Þjórásárdalur allur er skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota og er í greingargerð vísað í umfjöllun um þetta svæði í Viðauka I. Sú umfjöllun felur m.a. í sér stefnu núgildandi aðalskipulags fyrir Gnúpverjahrepp en ekki kemur fram hvort að stefna sveitastjórnar nú er sú sama t.d. að sveitastjórn beiti sér fyrir því að stofnaður verði Fólkvangur. Ástæða er til að vinna úr umfjöllun um Þjórásárdal í Viðauka I og öll stefna sveitarstjórnar varðandi Þjórásárdalssvæðið þarf að koma fram í kafla 11 um opið svæði til sérstakra nota.

Merking opins svæðis til sérstakra nota við Stóra-Hof annars vegar og Skriðufell hinsvegar virðist hafa víxlast í greinargerð eða á uppdrætti. Einnig virðist sem svæði O21, kirkjugarður á Stóra-Núpi, sé ekki að finna á uppdrætti.

12. Samgöngur

Í kafla 12 um samgöngur segir að varðandi flokkun vega á hálendinu í aðalfjallvegi, fjallvegi og einkavegi sé vísað til svæðisskipulags Miðhálandisins. Helstu vegir á hálendinu eru tilgreindir og fram kemur hvort þeir eru fjallvegir eða einkvegir og aðrar ökuleiðir. Á skipulagsuppdrætti af hálendi eru hinsvegar allir vegir settir í flokkinn „aðrir vegir“. Skipulagsstofnun bendir á að í leiðbeiningum stofnunarinnar, sem samvinnunefnd Miðhálandis hefur samþykkt (sjá www.skipulag.is), um skilgreiningu landnotkunar í aðalskipulagi á Miðhálandinu, segir að festa skuli aðalfjallvegi og fjallvegi í aðalskipulagi og sýna þá sem slíka á skipulagsuppdrætti. Aðra vegi (þ.e. einkavegi og aðrar ökuleiðir) sem sveitarstjórn telur að festa eigi í aðalskipulaginu séu sýndir sem „aðrir vegir“.

Á láglandisuppdrætti þarf að koma fram að „aðrir vegir“ séu sýndir til skýringar. Fyrirhugaða vegi á að sýna með sama tákni og núverandi vegi en hægt er að sýna aðgreiningu þeirra á skýringarkorti.

Í svæðisskipulagi Miðhálandisins kemur fram að gert er ráð fyrir nýjum fjallvegi milli Norðlingaöldu um Bjarnalækjabotna að Leppitungu með veltengingu yfir Þjórásá. Í fyrirbyggjandi aðalskipulagstillögu er hinsvegar eingöngu gert ráð fyrir nýrri veltengingu milli Bjarnalækjabotna og Leppitungu án veltengingar yfir Þjórásá við Norðlingaöldu. Gera þarf grein fyrir þessu ósamræmi m.a. hvort að ekki sé lengur gert ráð fyrir nýjum vegi um

Norðlingaöldu og yfir Þjórsá.

Í svæðisskipulagi Miðhálandisins er sýnd reiðleið sem nær frá Skáldabúðum og að Gljúfurleit norðan við Sultartangalón en á hálandisupprætti aðalskipulagstillögu nær leiðin eingöngu að (skálunum) Skeiðamannfit. Gera þarf grein fyrir þessu ósamræmi og hvort að fallið sé frá þeirri leið sem sýnd er í svæðisskipulaginu. Einnig vantar að sýna þann hluta reiðleiðinnar sem nær inn á láglandisupprátt aðalskipulagstillögunnar.

Tengivegur nr. 31 er sagður vera stofnvegur í greinargerð en er sýndur sem tengivegur á upprætti.

13. Veitur

Minnt er á að sýna þarf þegar byggð og fyrirhuguð stofnkerfi vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu á skipulagsuppráttum. Lega ljósleiðara er sýnd á láglandisupprætti aðalskipulagstillögunnar en það vantar að gera grein fyrir þeim í greinargerðinni. Færa þarf inn á skipulagsupprátt fjarskiptamannvirki á Búrfelli ef það telst til stofnkerfis fjarskipta.

14. Óbyggð svæði, ár og vötn

Í 2. lið á bls. 54 er ranglega vísað í lið 2e í Viðauka II með lögum nr. 106/2000 þar sem væntanlega er átt við lið 1e.

Í 3. lið á bls. 54 kemur fram að almennt gildir að ekki megi byggja nær vatnsbakka en sem nemur 50 m, en þar sem hættu er á flóðum/landbroti skuli miða við meiri fjarlægð. Gera þarf nánari grein fyrir hvaða svæði þetta eru og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð t.d. hversu nálægt vatnsbakka mannvirki mega vera á ákveðnum svæðum. Hér væri einnig hægt að vísa í kafla um náttúruvá þar sem sett yrði fram nánari umfjöllun um þessi svæði.

15. Náttúruverndarsvæði

Víða í kaflanum er vísað í Náttúruvernd ríkisins í stað Umhverfisstofnunar sem tekið hefur við hennar hlutverki.

Merkja þarf friðlýst svæði og svæði á náttúruminjasrá með mismunandi táknum en á láglandisupprætti eru svæði á náttúruminjasrá merkt með sama hætti og friðlýst svæði á hálandisupprætti.

Í 2. lið í stefnuhluta kafla 15 stendur „náttúruminjasvæði“ í stað „náttúruverndarsvæði“, sbr. hugtakanotkun á skipulagsuppráttum og í skipulagsreglugerð.

16. Þjóðminjaverndarsvæði

Í umfjöllun um þjóðminjar (menningarminjar) í kafla 2 í Viðauka I er sett fram það sem kallað er forskráning og flokkun þekktra menningarminja í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, eftir rituðum heimildum. Þar kemur einnig fram að þær minjar sem er að finna í fornleifaskrá sem unnar hafa verið fyrir einstök svæði sé ekki að finna í þeim listum sem birtir eru í kaflanum. Skipulagsstofnun telur að mikilvægt sé að upplýsingar um allar þekktar þjóðminjar úr tiltækum fornleifaskráum verði birtar í aðalskipulaginu, sérstaklega ef ekki á að fara út í nákvæmari fornleifaskráningu á þessu stigi. Í kafla 16 þarf að vísa til umfjöllunar um þjóðminjar í Viðauka I og þá skráningu fornleifa sem þar er sett fram.

Á bls. 62 kemur fram að það eru friðlýstar fornleifar á 35 stöðum í sveitarfélaginu en miðað við lista um minjar í Viðauka I (bls. 18-23) eru þeir 46. Á bls. 62 kemur einnig fram að 12 af 35 stöðum með friðlýstum fornleifum eru á afreitti en miðað við lista á bls. 63-64 eru þeir 15. Fara þarf yfir umfjöllun um friðlýstar fornminjar og samræma tölur um fjölda þeirra og staðsetningu.

Á skipulagsuppdráttum eru merkt inn svæði sem skilgreind eru sem hverfisvernd búsetuminja og eru menningarminjar (fornleifar) sem getið er í svæðisskipulagi Miðhálandisins þar á meðal. Bent er á að allar minjar sem falla undir skilgreiningu þjóðminjalaga á fornleifum þarf að merkja sem fornleifar á uppdrætti og gera grein fyrir sem slíkum í greinargerð.

Umsögn Fornleifaverndar ríkisins þarf að liggja fyrir við athugun Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga.

17. Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

Á bls. 65 segir að ekki sé unnt að flokka á fullnægjandi hátt vötn og tjarnir í sveitarfélaginu skv. flokkunarkerfi laga nr. 796/1999 (Flokkur A-E) vegna skorts á grunngögnum. Skipulagsstofnun bendir á að auk þess að flokka vatn eftir ástandi þess á að setja fram langtímamarkmið um flokka vatns og sýna á skipulagsuppdrætti í samráði við heilbrigðisnefnd og Umhverfisstofnun. Umsögn þessara aðila þarf að liggja fyrir við athugun Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga.

18. Hverfisverndarsvæði

Stefnt er að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum (svæði merkt H7). Gera þarf grein fyrir hvaða reglur gilda um landnotkun, umgengni og mannvirkjagerð á svæðinu þar til það hefur verið gert að friðlandi. Varðandi reglur fyrir svæði H8-H13, hverfisvernd venga vatnsauðlinda, er vísað í ákvæði um grannsvæði í reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Vísa ætti einnig í kafla 17 þar sem ákvæði fyrir grannsvæði koma fram.

Fjalla þarf um þau svæði sem merkt eru á skipulagsuppdrátt sem hverfisvernd búsetuminja. Gera þarf grein fyrir helstu einkennum þessara svæða og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um landnotkun, umgengni og mannvirkjagerð. Minnt er á að svæði sem falla undir skilgreiningu þjóðminjalaga teljast vera þjóðminjaverndarsvæði og þarf að gera grein fyrir þeim sem slíkum í viðeigandi kafla. Sveitastjórn getur síðan sett verndarákvæði umfram ákvæði þjóðminjalaga með því að skilgreina svæðin sem hverfisverndarsvæði og fá þau þá tvenns konar tákni á uppdrætti.

19. Svæði undir náttúruvá

Á bls. 72 kemur fram að töluvert hefur verið um landbrot meðfram meginfljótunum Þjórsá og Hvítá, sem hefur einnig gætt meðfram Stóru-Laxá. Þá kemur fram að ýmsar ráðstafanir hafi verið gerðar til mótvægis s.s. breyting á farvegi og fækkun kvísla í Stóru-Laxá, gerð varnargarða með Þjórsá og að grjót hafi verið keyrt í bakka Hvítár. Bent er á að skv. gr. 4.1 8.2 í skipulagsreglugerð þarf að gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð.

Í Viðauka er fjallað um skriðuhlaup í svokölluðum Fossdal þar sem m.a. kemur fram að hugsanlegt er að innan tíðar, án þess að það sé skilgreint nánar, muni berghlaup falla á þessu svæði. Ef talin er raunverulegt hætta á slíku berghlaupi þarf að gera grein fyrir staðsetningu þessa svæðis á uppdrætti og í greinargerð, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðinu og hvaða reglur gilda um umgengni og mannvirkjagerð.


22. Skipulag hálendis


Bent er á eftirfarandi breytingar frá svæðisskipulagi Miðhálendisins sem gera þarf betur grein fyrir, sbr. ofangreindar athugasemdir:

- Reiðleið sem í svæðisskipulaginu nær frá Skáldabúðum að Gljúfurleit en nær eingöngu að Skeiðamannafit í aðalskipulagstillögunni.
- Í svæðisskipulaginu er sýndur nýr vegur yfir Þjórsá við Norðlingaöldu en hans er ekki getið í aðalskipulagstillögunni.

Önnur atriði

- ✕ • Þykkt tengivega er mismunandi á láglandisuppdrætti.
- ✕ • Sveitarfélagamörk við Þjórsá virðast ekki passa saman við þau mörk sem sýnd eru í Aðalskipulagi Rangárbings ytra, fyrrum Holta- og Landssveit, 2002-2014.
- ✕ • Samræma þarf notkun tákna og lita á láglandis- og hálendisuppdráttum.
- ✕ • Þar sem sveitarfélagið er í tveimur hlutum er nauðsynlegt að á uppdrætti eða í greinargerð komi fram mynd sem sýnir sveitarfélagið í heild.
- Fara þarf yfir tilvísanir í aðra kafla í greinargerðinni t.d. er ranglega vísað í kafla 6 á bls.16.
- Ekki virðist rétt að vísa í reglugerð nr. 297/1964 á bls. 45 þar sem hún á eingöngu við um Keflavíkurflugvöll.


Matthildur Kr. Elmarsdóttir


Pétur Ingi Haraldsson

Afrit:

Þráinn Hauksson

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík

2002070074

Reykjavík 27. júlí 2004

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004- 2016

Visað er til bréfs Skipulagsstofnunar frá 1. júlí 2004 þar sem óskað er umsagnar samvinnunefndar miðhálandis í samræmi við 2. mgr. 17. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. um tillögu að Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Á fundi samvinnunefndar miðhálandis sem haldinn var 2. júní í Kríunesi við Elliðarvatn kynnti Oddur Hermannsson skipulagsráðgjafi tillöguna og Aðalsteinn Guðmundsson oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerði grein fyrir samþykkt sveitarstjórnar frá 1. júní vegna Norðlingaölduveitu.

Í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 er gert ráð fyrir Norðlingaölduveitu, þar er vísað í reglugerð um friðlandið í Þjórsárverum frá 1979 og er stíflugerð í allt að 581 m.y.s. háð fyrirvara um áhrif á gróðurlendi veranna." Nauðsynlegt er að lækka stífluhæð til að hlífa eins og kostur er neðsta hluta Þjórsárvera. Unnið er að því í samvinnu Landsvirkjunar og Náttúruverndar að komast að niðurstöðu um stærð miðlunarlóns með stíflu við Norðlingaöldu. Hugsanlegt lónastæði er því auðkennt með blandaðri landnotkun; orkuvinnsla/náttúruvernd. Matskyld framkvæmd skv. 5.gr. laga um umhverfismat."

Tillaga Aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerir ráð fyrir Norðlingaölduveitu í h. 567.8 m.y.s. Í skipulagstillögunni er lón við Norðlingaöldu í samræmi við Svæðisskipulag Miðhálandis og fellur innan fyrirhugaðs orkuvinnslusvæðis. Tillaga Skeiða og Gnúpverjahrepps gerir jafnframt ráð fyrir tveimur lónum við Þjórsárjökul, ofan friðlands, Þjórsárjökulslóni og Vesturkvíslalóni, sem ekki er gert ráð fyrir í gildandi svæðisskipulagi miðhálandis.

Samvinnunefndin hefur haft til umfjöllunar tillögur Landsvirkjunar vegna Norðlingaölduveitu og er samþykkt að auglýsa breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálandis 2015 vegna Norðlingaöldu. Í áætlun samvinnunefndar miðhálandis er gert ráð fyrir að breytingartillagan verði auglýst og kynnt samkvæmt gr. 12 a í Skipulags og byggingarlögum. Frávik frá núgildandi svæðisskipulagi yrðu þar felld að tillögu aðalskipulags.

Samkvæmt Skipulags og byggingarlögum gr.12 a er hlutverk samvinnunefndar að annast gerð svæðisskipulags miðhálandis og gæta að innbyrðis samræmi sé á milli þeirra og

miðhálandi Íslands


svæðisskipulags miðhálandis. Með samþykkt Skeiða- og Gnúpverjahrepps um Norðlingaölduveitu hefur náðst að samræma aðalskipulagstillögur sveitarfélaganna.

Tillaga Aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerir ráð fyrir fjallvegi milli Bjarnalækjarbotna og Leppistungna í samræmi við Svæðisskipulag Miðhálandis. Gæta þarf að samræmi við alskipulagstillögu Hrunamannahrepps.

Í greinargerð Aðalskipulags Skeiða og Gnúpverjahrepps, kafla 10, Svæði fyrir frístundabyggð kemur fram að jaðarmiðstöðin í Hólaskógi og allmargir fjallaskálar sem ekki eru taldir upp í svæðisskipulagi miðhálandis eru flokkaðir til svæða fyrir frístundabyggð. Samvinnunefnd miðhálandis vísar í leiðbeiningar Skipulagsstofnunar og samvinnunefndar um landflokka í aðalskipulagi og áréttar afstöðu sína að flokkun skálasvæða og fjallaselja falli betur að flokki verslunar og þjónustu en í svæði fyrir frístundabyggð.

Samvinnunefnd miðhálandis gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við stefnumörkun í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Virðingarfyllt


Óskar Bergsson
formaður



Austurvegur 56 - 800 Selfoss

Sími 482 2410 – Myndsendir 482 2921 – Netfang hs@eyjar.is – Kennitala 480284-0549

**Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps,
Árnesi,
800 Selfossi.**

Selfossi 21. september 2004

Varðar: Umsögn vegna tillögu að aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2003 - 2015.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur móttengið greinargerð og tillögu að aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 2003 – 2015. Fjallað hefur verið um skipulagið á fundum Heilbrigðisnefndar Suðurlands.


Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur skoðað svæði það sem skipulagið nær til og sérstaklega kynnt sér þau atriði er varða vatns- og fráveitumál. Tekið er undir þau atriði aðalskipulagstillögunnar er varða mikilvægi vatnsverndar til framtíðar og sérstaklega nauðsyn aukins samstarf við nágrannasveitarfélög um vatnsveitur m.a. til að tryggja íbúum öryggi og gæði neysluvatns á heimilum og atvinnustöðum. Jafnframt er bent á starfsleyfisskyldu vatnsveitna sbr. reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001. Bent er hér á nýlegt rit Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga "Litlar vatnsveitur" varðandi upplýsingar og fyrirkomulag vatnsveitna.

Vísað er hér jafnframt í reglur Umhverfisstofnunar, sem gefnar voru út í febrúar sl. og reglur um fráveitur og reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, ásamt ítarefni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, sem hefur verið unnið fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á, að huga verður að vatnsverndarsvæðum nágrannasveitarfélaga, en slík verndarsvæði eru bæði við mörk Hraungerðishrepps og við mörk Villingaholtshrepps. Farið er fram á að þessi svæði verði skoðuð sérstaklega í samráði við nágrannasveitarfélögin.

Virðingarfyllst

Birgir Þórðarson
heilbrigðisfulltrúi



4866091



Skeiðahreppur-Gnúpverjahreppur
Þráinn Hauksson
Arnesi
801 Selfoss

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandshvot 24
15 108 Reykjavík, Ísland

t. (+354) 591 2000

fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

8 bls.

Kv. Jónsson

11. maí 2004

Tilvísun: UST200403001336d

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2003-2015

Umhverfisstofnun hefur borist erindi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, dags. 12. mars sl., þar sem tillaga að aðalskipulagi sveitarfélagsins er lögð fram til kynningar og samráðs. Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna.

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun tók til starfa í ársbyrjun 2003 þegar hún tók við verkefnum Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og Veiðistjóraembættis. Stofnunin bendir á að uppfæra þarf greinargerð með aðalskipulagi þessu til samræmis. Enn er vísað til eldri stofnana í textanum og þarf að breyta því.

Náttúruvernd

Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir við umfjöllun um náttúruvernd:

Um svæði á náttúruminjaskrá

Í kaflanum „Um svæði á náttúruminjaskrá“ á bls. 55 í aðalskipulagi gættir misskilning hvað varðandi aðkomu Umhverfisstofnunar (Náttúruvernd ríkisins í textanum) að framkvæmdum innan svæða á náttúruminjaskrá. Þar segir:

„Leita skal umsagnar og tilkynna Náttúruvernd ríkisins um framkvæmdir þar sem hættu er á að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá“

Þessi hluti umfjöllunar kallans er rétt. Síðan segir:

„Leiti framkvæmandi ekki leyfis skv. 1. mgr. er Náttúruvernd ríkisins heimilt að krefjast þess með skriflegri áskorun [...] og leita atvæna lögreglu ef þess þarf“

Þessi hluti 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd á ekki við um s.k. önnur svæði á náttúruminjaskrá. Í umfjölluninni hefur lagagreinin verið slitin úr sambengi við þá málsgrein sem vísað er til. Fyrsta málsgrein 38. gr. laga um náttúruvernd byrjar svo:

4886091

UST

„Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum.“

Framangreind heimild Umhverfisstofnunar til að koma í veg fyrir framkvæmdir á við þennan fyrri hluta lagagreinarinnar, þ.e. framkvæmdir innan friðlýstra svæða, en ekki um framkvæmdir innan annarra svæða á náttúruminjaskrá.

Mörk svæða á náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að ósamræmi virðist vera á milli almörkunar svæða á náttúruminjaskrá á skipulagsupprætti og í náttúruminjaskrá. Í stað þess að skýra þetta misræmi út í máli vísar stofnunin í meðfylgjandi kort af umræddum svæðum. Jafnframt bendir stofnunin á að hægt er að fá afrit af kortum af friðlýstum svæðum og svæðum á náttúruminjaskrá á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Vefslóðin er: www.ust.is/Naturuvernd.

Umfjöllun um náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við þá umfjöllun sem fram kemur í greinargerð með skipulagi um svæði á náttúruminjaskrá. Þar segir:

Síðustu áratugi hefur fjöldi svæða um allt land verið settur á náttúruminjaskrá Náttúruverndar ríkisins, í mörgum tilfellum á samráðs við landeigendur.

Einnig segir:

Samkvæmt Náttúruvernd ríkisins er ekki verið að færa yfirráðarétt yfir svæðunum frá landeigendum og sveitarstjórn til Náttúruverndar ríkisins, þegar svæði eru sett á náttúruminjaskrá. Heldur er náttúruminjaskrá, að sögn Náttúruverndar ríkisins, ætlað að marka stefnu í friðlýsingamálum og undirbúa jarðvegin fyrir viðræður við réttihafa um friðlýsingu svæða. Þrátt fyrir þetta er verið að henda á að samkvæmt náttúruverndarlögum (38. gr.) öðlast Náttúruvernd ríkisins umsagnarrétt um framkvæmdir á náttúruminjasvæðum og ríkið forkaupsrétt að landinu að gengnum forkaupsrétti sveitarfélagsins (65. gr.)

Umhverfisstofnunin er ekki ljóst hví vitnað er beint í stofnunina í þessum texta, hvaðan sú tilvitnun komi, né hvers vegna hann er hafður inni í greinargerð með stefnumótun sveitarfélagsins. Telji skipulagsráðgjafar hins vegar eðlilegt að hafa þennan texta í greinargerðinni bendir stofnunin á eftirfarandi atriði sem þyrfti að lagfæra:

Í fyrsta lagi má benda á að náttúruminjaskrá ekki gefin út af Umhverfisstofnun heldur hefur hún hingað til verið gefin út af Náttúruverndarráði og mun eftir endurskoðun laga um náttúruvernd árið 1999 framvegis verða gefin út af umhverfisráðherra. Samkvæmt lögnum skal Umhverfisráðherra gefa út heildstæða náttúruminjaskrá eigi sjáldnar en fimmta hvert ár og birta í Stjórnartíðindum. Hlutverk Umhverfisstofnunar er að sjá um undirbúning og öflun gagna vegna viðbóta við náttúruminjaskrá og heildarútgáfu hennar í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og hlutaðeigandi náttúrustofur og náttúruverndarnefndir, sem eiga samkvæmt lögum um náttúruvernd að vera starfandi innan hvers sveitarfélags.

4368091

UST

Í öðru lagi er ljóst af lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd að í náttúrumínjaskrá er bent á sérstöðu og verndargildi ákveðinna svæða hvað varðar náttúrufar. Þau svæði hafa verið skráð eftir umfjöllun náttúruverndarráðs, oft eftir ábendingum ábendinga ýmissa aðila- lögstofnana á sviði náttúruvísinda, sveitarfélaga eða jafnvel landeigenda. Skráin byggir á náttúrufarsgögnum sem sýna að ástæða sé til að vernda umrædd svæði. Til að tryggja að tekið sé tillit til upplýsinga um verndargildi svæða á náttúrumínjaskrá og hugsanlegra áhrifa framkvæmda á þessi svæði skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en ráðist er í framkvæmdir innan þeirra. Þetta fyrirkomulag hefur ekki í för með sér neina skerðingu á eignar- eða yfirráðarétti en tryggir að upplýsingar liggi fyrir um náttúruverndargildi svæðanna og hugsanlegra röskun á því við ákvarðanatöku. Ekki er að ráða af greinargerð með aðalskipulagi að deilt sé um verndargildi svæða innan sveitarfélagsins sem eru á náttúrumínjaskrá.

Náttúrumínjasvæði

Að síðustu má benda á að í stefnu sveitarfélagsins um náttúruverndarsvæði eru svæði á náttúrumínjaskrá skilgreind sem náttúrumínjasvæði. Þessu þarf að breyta í samræmi við skipulagsreglugerð í náttúruverndarsvæði.

Sérstök vernd skv. 37. gr. laga um náttúruvernd

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að gerð hefur verið breyting á lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Ein þessara breytinga felst í því að í stað orðsins „landslagsgerðir“ í 1. mgr. 37. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögnum kemur í viðeigandi falli: „jarðmyndanir og vistkerfi“. Þessu þarf að breyta í greinargerðinni, t.a.m. er enn vísað landslagsgerða skv. eldri lögum í 4. tl. á bls. 35 og 5 tl. á bls. 59 og í umfjöllun um verndun jarðmyndana og vistkerfa, vana og votlendis á bls. 55.

Umhverfisstofnun bendir á að í umfjöllun á bls. 55 um verndun jarðmyndana og vistkerfa kemur m.a. fram að leita skuli umsagnar Náttúruverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) áður en veitt er framkvæmda eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun jarðmyndana og vistkerfa skv. 1. mgr. nema fyrir liggi aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga þessara þar sem umsögn skv. 33. gr. liggur fyrir. Því er mikilvægt er að í aðalskipulagi sé gerð grein fyrir öllum þeim jarðmyndunum sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd og kann að vera raskað á skipulagstímabilinu. Í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps er ekki gerð grein fyrir þessum jarðmyndunum og vistkerfum. Því er nauðsynlegt að taka það fram að leita verði umsagnar Umhverfisstofnunar ef hættu er á að þeim jarðmyndunum eða vistkerfum sem talin eru upp í 37. gr. verði raskað, þrátt fyrir að stofnunin hafi gefið umsögn sína á grundvelli 33. gr. laga um náttúruvernd.

Hverfisvernd

Í greinargerð með aðalskipulagi eru tillögur að hverfisverndun átta svæða í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Umhverfisstofnun fagnar því að stuðlað verði að verndun þessara

4366091

UST

svæða og að sveitarfélagið setji sér jafnframt markmið um lögformlega friðlýsingu þessara svæða.

Stofnunin bendir hins vegar á að í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 kemur fram að um hverfisverndarsvæði eigi að gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett. Í þessum ákvæðum skal gera grein fyrir hvaða þættir í umhverfi viðkomandi svæðis skuli njóta forgangs og tiltekinnar verndunar. Jafnframt skal kveða á um hvaða réttindi, skyldur og kvaðir eru samfara hverfisvernd fyrir stjórnvöld og borgara varðandi landnotkun og framkvæmdir. Slík ákvæði á enn eftir að skilgreina fyrir öll svæðin nema Höfðaveitur.

Efnistaka

Í drögum að greinargerð skipulagstillögunnar eru talðar upp 35 námur í hreppnum. Á þeim lista eru s.k. „heimanámur“ talðar upp með stærri efnistökuþöðum sem nýttir eru í atvinnuskyni. Sá fyrirvari er þó settur við umfjöllun um námur í greinargerðinni að enn eigi eftir að fara nánar yfir efnistökuþöðum með Vegagerðinni og fleiri aðilum.

Um hinar s.k. heimanámur segir í greinargerðinni:

„Viða eru heimanámur til einkanota, sem sumar hverjar eru einnig, í einhverjum mæli, nýttar í atvinnuskyni og vegna vegagerðar.“

Umhverfisstofnun bendir á að öll efnistaka er háð framkvæmdaleyti hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þó er eiganða eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Hugtakið „heimanáma“ á ekki við þessari umræðu. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að draga skýr skil á milli efnistöku í atvinnuskyni og minni háttar efnistöku til eigin nota. Efnistaka til eigin nota er í eðli sínu það lítil að umfangi að ekki telst þörf á að fjalla um slík svæði á skipulagi. Því má t.d. nefna að námur við Minni-Mástungu (námur á tveimur stöðum) og við Skáldabúðir eru námur sem ekki myndu teljast til minni háttar efnistöku til eigin nota. Þær þyrfti því að setja á skipulagsuppdrátt sé ætlunin að halda þeim opnum.

Að mati Umhverfisstofnunar er gerð heildaráætlunar um núverandi og fyrirhuguð námusvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 400/1998, mikilvægur hluti af aðalskipulagsgerð. Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir staðsetningu og stærð efnistökusvæða og fjalla um efnistöku í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Einnig þarf að marka á sem nákvæmastan máta fyrir útlínum efnistökusvæða á skipulagsuppdrætti. Því telur stofnunin að gera þurfi frekari grein fyrir öllum efnistökuþöðum innan sveitarfélagsins. Stofnunin fer fram á að upplýsingar og áætlanir um efnistöku og frágang verði settar fram í aðalskipulagi í samræmi við VI. kafla laga um náttúruvernd, sem fjallar um nám jarðefna. Í því sambandi má benda á að ekki þarf að leita umsagnar Umhverfisstofnunar skv. 47. gr. laga um náttúruvernd ef fyrir liggur umsögn stofnunarinnar um námur skv. 33. gr. sömu laga. Til að stofnunin geti gefið fullnægjandi umsögn um nýjar námur innan hreppsins sem settar er fram í aðalskipulagi telur stofnunin brýnt að henni berist áætlanir um efnistöku og upplýsingar um vinnsluáætlun og frágang þessara efnistökuþöða, í samræmi við ákvæði 48. og 49. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Því fer stofnunin

4868031

UST

Ifram á að fá tillögu að aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps aftur til umsagnar þegar umfjöllun um efnistökusvæði er komin lengra á veg.


Nytjaskógrækt

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í aðalskipulaginu sé gerð grein fyrir þeim svæðum sem ætluð eru undir skógrækt í samræmi við kafla 4.14.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 þar sem segir að sérstaklega skuli gera grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgræðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða. Í þeirri landsnyttjaflokkun sem notuð er á aðalskipulaginu er nytjaskógrækt flokkuð með öðru landbúnaðarlandi, svo ekki er hægt að gera sér grein fyrir umfangi og staðsetningu skógræktar í hreppnum. Hins vegur munu þemakort yfir núverandi og áætluð skógræktarsvæði koma að góðum notum verði ekki markað fyrir nytjaskógrækt á skipulagsupprætti í samræmi við skipulagsreglugerð.

Beðist er veirðingar á því hve lengi hefur dregist svara fyrirspurninni. Umhverfisstofnun veitir fúslega frekari ábendingar og aðstoð ef óskað er.


Virðingarfyllt,



Ólafur Arnason


Helgi Jónsson

Meðfylgjandi: Mörk svæða á náttúruminjaskrá innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps (3 skjöl).

Afrit: Skipulagsstofnun





[illegible]



Landsvirkjun

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 SELFOSS
b.t. Ingunn Guðmundsdóttir

62 NÚP-006
62 NOR-006
07.04.2004

Málefni: Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2003-2015 – tillaga til kynningar

Með bréfi skipulagsráðgjafa og sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps til Landsvirkjunar dagsett 12. mars 2004 er kynnt tillaga að aðalskipulagi fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp 2003-2015. Landsvirkjun óskar í þessu sambandi eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við tillöguna:

I LÁGLENDI

1.1 Greinargerð, Stefnumörkun og skipulag, Tillaga (drög 1)

Orðið miðlunarlón kemur alloft fyrir í greinargerðinni þegar fjallað er um lón vegna virkjana við Urriðafoss og Núp. Betra væri að notað væri orðið inntakslón því um miðlun er ekki að ræða í þessum lónum.

Í umfjöllun um haugsvæði við Skeiðháholt mætti koma fram í texta að haugsvæðið verði grætt upp að loknum framkvæmdum.

Á blaðsíðu 58 eru Búðafoss og umhverfi Þjórsár nefnd sem svæði sem vert er að athuga verndun á. Þetta er í mótsögn við virkjunaráform.

1.2 Sveitarfélagsuppdráttur, láglendi 1:50.000

Svæði þar sem skipulagi er frestað á Árnesi virðist í allra minnsta lagi og er óskað eftir því að það verði stækkað. Sjá nánar á mynd 82 á bls. 148 í matsskýrslu fyrir Núpsvirkjun. Ennfremur er óskað eftir því að skipulagi verði frestað á og við fossbrún Búðafoss, sjá nánar mynd 73 bls. 135 í matsskýrslu fyrir Núpsvirkjun.

Óskað er eftir því að bætt verði við haugsvæði fyrir dælingu úr Hagalóni við Haga. Um er að ræða sambærilegt svæði og haugsvæðið við Skeiðháholt nema minna. Sjá nánar á mynd 48 bls. 79 í matsskýrslu fyrir Núpsvirkjun og á meðfylgjandi loftmynd þar sem svæðið er merkt með hvítum hring.





Óskað er eftir því að bætt verði inn haugsvæði nærri inntaki Núpsvirkjunar. Auðvelt er að koma efninu fyrir við vegamót Þjórsárdalsveg og Gnúpverjavegar þar sem nú er tún sem hverfa mun undir Hagalón. Sjá nánar á meðfylgjandi loftmynd þar sem svæðið er merkt með hvítum hring.

Óskað er eftir því að skipulagi verði frestað á því svæði þar sem stökkur (aðrennslisgöng) fara undir Kálfá.

II AFRÉTTUR

2.1 Greinargerð, Stefnumörkun og skipulag, Tillaga (drög 1)

Eins og yður er kunnugt um hafa að undanförmu verið í gangi viðræður í samvinnunefnd sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps annars vegar og Landsvirkjunar hins vegar með það að markmiði að ná sátt um stærð fyrirhugaðs Norðlingaöldulóns. Á síðustu fundum nefndarinnar hefur Landsvirkjun lagt fram ný gögn um stærð og áhrif lónsins við vetrarrekstur í hæð 568 m y.s. og kemur þar fram að lónið við þessa hæð er mun minna en áður var talið og að umhverfisáhrif þess hafi samtímis minnkað umtalsvert. Sjá meðfylgjandi greinargerð Landsvirkjunar með myndum og kortum sem Landsvirkjun lagði fram. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur gert gróðurfarsskýrslu um viðkomandi svæði sem kynnt var fyrir nefndinni. Í skýrslunni hefur verið tekið tillit til nefndra breytinga og í ljósi þess er niðurstaðan, hvað þetta varðar, í stuttu máli að ekki verði mikil breyting að vetrarlagi á vatnsstöðu í Eyvafeni er skipti gróður máli.

Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir að Norðlingaölduveitulón sunnan Hofsjökuls m.v. 566 m y.s. Landsvirkjun óskar í samræmi við ofansagt eftir að þessu verði breytt í “m.v. 568 m y.s.” Til upplýsingar skal þess getið hér að Landsvirkjun hefur sent Landslagsarkitektum FÍLA (Oddur Hermannsson) endurskoðuð kort af viðkomandi svæði þar sem fylgja nýjustu teikningar af útlínum Norðlingaöldulóns í 566 og 568 m y.s.

Um efnistöku í Skeiða- og Gnúpverjahreppi segir undir lið 34) (blaðsíða 29), “Tímabundnar efnisnámur á afrétti Flóa- og Skeiðamanna og Gnúpverja vegna vegagerðar. Hér þyrfti að bæta við setninguna “og virkjunarframkvæmda”.

2.2 Skipulagsuppdráttur, (afréttur) 1:100.000

Svæði aðlægt verndarsvæði Þjórsárvera að Sultartangalóni er í tillögu að aðalskipulagi og á skipulagsuppdrætti skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Þannig er land þar sem Norðlingaöldulón er fyrirhugað og land fyrirhugaðs set- og veitulóns sunnan Þjórsárjökuls sýnt innan hverfisverndarsvæðis.

Landsvirkjun telur að ekki sé gætt ákvæða gr. 4.22 í skipulagsreglugerð að því er varðar hvaða reglur eigi að gilda um landnotkun, umgengni og mannvirkjagerð á þeim svæðum sem njóta eiga hverfisverndar, sérstaklega svæðið merkt H-7. Jafnframt er gerð athugasemd við að hverfisvernd nái til svo víðfeðms svæðis sem hér er gert ráð fyrir. Eðlilegra er að bíða eftir niðurstöðum um frekari friðlýsingar á svæðinu.




Að lokum má vekja á því athygli að Þjórsárlón (Kvíslaveita 5. áfangi) er ekki sýnt á skipulagsuppdraettinum.

Virðingarfyllst

Örn Marinósson
staðgengill forstjóra

Hjál. Loftmynd, haugsvæði við Haga og Fossnes
Greinargerð Landsvirkjunar;
Norðlingaölduveita, vatnshæðir
í og við Eyvafen

Afrit: Landslagsark. FÍLA, Oddur Hermannsson
Landslag, Þráinn Hauksson





Landsvirkjun

MINNISBLAÐ

Til AO

Frá EH

31.03.2004

**Varðar: NORÐLINGAÖLDUVEITA
VATNSHÆÐIR Í OG VIÐ EYVAFEN**

1 Yfirlit

Vatnshæðarmælingar með síríta og vatnsborðsútreikningar sýna að vatnshæð í Þjórsá við Krók á móts við útfall frá Eyvafeni stýrist af þrengingu/hafti í ánni stuttu neðar og er vatnshæðin þar alltaf yfir 566 m y.s. Norðlingaöldulón rekið í þeirri hæð að sumarlagi hefur því engin áhrif á Eyvafen. Vatnshæðarmælingarnar hafa einnig staðfest að þegar ís fer að myndast í ánni þrengist haftið enn meir og vatnsstaðan hækkar þar fyrir ofan og fer í svipaða hæð og við mikið sumarrennsli. Vatnshæðir á umræddu svæði við núverandi aðstæður eru nokkru hærri en áður hefur verið reiknað með.

Við endurskoðun á kortum sem notuð hafa verið fram að þessu hefur fundist gróf villa á hæðarlínunum í Eyvafenslægd. Kom í ljós að svæðið umhverfis hinn lárétta, gróðurlausa fenbotn Eyvafenslægdar er einum til tveim metrum hærri í landinu en sýnt er á kortunum sem hingað til hafa verið notuð og að gróðurjaðar sem er umhverfis fenið reynist vera í um 568 m y.s. Einnig kom fram við þessa endurskoðun að í útfallstrás frá Eyvafenslægdinni að Þjórsá er þröskuldur í um 567,8 m y.s.

Botn Eyvafenslægdar er venjulega að miklu leyti þurr yfir hásumarið en er kominn undir vatn í september eða fyrst í október og stýrist vatnshæð af hæð þröskuldar. Þegar frystir fer vatns/ísstaðan í lægdinni upp í eða yfir 568 m y.s. Við vorleysingar, að jafnaði í apríl/maí, má búast við vatnsborð lækki niður í þröskuldshæð og síðan þorni lægðin smám saman er líða tekur á sumarið.

Norðlingaöldulón rekið að vetrarlagi í hæð um eða undir 568 m y.s. teygir sig suður í "flóann" út úr Þjórsá við Krók og inn undir þröskuld í útfalli Eyvafenslægdar en hefur ekki áhrif á fenið þar fyrir innan. Áhrif Norðlingaöldulóns á Eyvafenssvæðinu takmarkast við áhrif á jaðra nefnds flóa á hæðarbilinu um 567,2-567,8 (568) m y.s. Áhrif lönsins í hæð 568 m y.s. að vetri eru eftir leiðréttingu korta eru talin verulega minni en áður.

Norðlingaöldulón (í 566-568 m y.s.) mun að stærstum hluta liggja í eyrar- og klapparfarvegi Þjórsár auk þess að teygja anga sína á einstaka stað inn í aðlæga

vatnsfarvegi. Við endurskoðun korta hefur komið í ljós að umfang gróins lands sem fer undir vatn vegna lönsins minnkar verulega.

Vatnsborðsmælingar við Krók hafa staðfest mat Landsvirkjunar á istruflunum við Krók sem var grundvöllur að áætlunum fyrirtækisins um hærri vatnsstöðu Norðlingaöldulóns að vetri.

2 Mælingar á vatnsborðshæð

Í sumarbyrjun 2003 var með útreikningum í vatnafræðilíkani leitt í ljós að vatnshæð í Þjórsárfarvegi við og ofan við svonefndan Krók væri í flóðum ekki háð því hvort Norðlingaöldulón væri til staðar eður ei. Vatnshæðinni væri eingöngu stýrt af þrengingu/hafti í farveginum rétt neðan við Krók þar sem áin sveigir um nálægt 90°.

Frá því í júní 2003 hefur vatnshæð verið mæld með sírita í Þjórsá við Krók. Komið hefur í ljós við þessar mælingar að við venjulegt rennsli er vatnshæð á þessum slóðum einnig stýrt af þrengingunni í farvegi Þjórsár. Niðurstöður úr mælingunum hafa verið bornar saman við útreikninga í vatnafræðilíkaninu, við sambærilegt rennsli, og hefur verið gott samræmi á milli útreiknaðra og mældra vatnshæða og styrkir þetta mjög trúverðugleika líkansins sem segja má að hafi verið sannreynt.

Við vatnshæðarmælingarnar hefur einnig verið sannreynt það sem vatnamælingamenn hafa séð og fullyrt í árunna rás að þegar ís fer að myndast í ánni að vetrarlagi þrengist haftið enn meir og vatnsstaðan hækkar þar fyrir ofan. Rétt er að nefna það hér að vatnafræðilíkanið er ekki nýtanlegt til útreikninga á rennsli og vatnshæðum við vetraraðstæður þar sem ísmyndanir breyta farvegi árinna.

Í grein Sigurjóns Rist í tímaritinu Jökli nr. 12 frá 1962 segir: "Þjórsá frá Eyvafeni. Ís leggst á efsta hlutann að haustinu, en áll helzt auður fyrst í stað, ofan frá Bólstað og niður hjá Eyvafeni. Mikið krap sezt að í farveginum og þrengir hann. Grefst farvegurinn þá oft og iðulega og álar flytjast til, meðan ána er að leggja. Hækkun árinna er 2-3 m. Neðan Eyvafens mjókkar farvegurinn nokkuð, en er þó breiður allt niður að Dynk. Grunnstingull leggst þarna víða að, íshellur og hrannagarðar myndast, en hlykkjóttir álar haldast opnir fyrst í stað." Hækkunir á vatnsborði vegna ísmyndunar koma fram á korti sem fylgdi greininni (viðlagt) en þar er m.a. sýnt: "Mestu vatnsborðshækkun frá venjulegri vatnsstöðu þegar ána leggur. Varir venjulega í skamman tíma (metrar)". Sigurjón taldi að vatnsborðshækkunina geta numið allt að 4 m við Krók.

Vatnshæðir á hinu umrædda svæði eru við náttúrulegar aðstæður nokkru hærri en áður hefur verið reiknað með, og varpa vatnshæðarmælingarnar nýju ljósi á áhrif Norðlingaöldulóns. Áður nefndur vatnshæðarsíriti er á austurbakka Þjórsár nokkurn veginn andspænis þeim stað þar sem kvísl úr Eyvafeni rennur í Þjórsá (útfall/útreknsli Eyvafens).

Ástandinu ofan þrengingarinnar við Krók má líkja við að þar sé stöðuvatn með vatnshæð sem hækki með auknu rennsli í Þjórsá. Við um 200 m³/s rennsli er nefnd vatnshæð orðin um 567 m y.s. Frá því um miðjan júlí í sumar og fram í byrjun september var vatnshæð

við Krók nálægt því að vera að meðaltali um 567,25 m y.s. en þó með nokkrum sveiflum upp og niður. Þegar kólnaði í september og vatnsrennsli minnkaði í ánni lækkaði vatnsstaðan og fór lægst í byrjun október í um 566,5 m y.s. Vatnsstaðan hélst síðan svipuð en þó með talsverðum sveiflum uppávið fram yfir miðjan nóvember (sjá meðfylgjandi línurit með niðurstöðum vatnshæðarmælinga). Þegar leið að lokum nóvember fór fastur ís að myndast í þrengingunni í farveginum og vatn að hækka við Krók. Vatnshæðarmælingarnar við Krók ásamt samanburðarmælingum neðar í farveginum, þar sem þá var íslaust, staðfesta að í vetur hafi þrenging í haftinu vegna ísmyndunar, eins og lýst er hér að ofan, byrjað að myndast síðla í nóvember og náði jafnvægi í byrjun desember. Vatnshæðarmælingarnar sýna að við nokkuð stöðugt rennsli frá þeim tíma og fram undir miðjan febrúar hafi vatnshæðin haldist um eða rétt undir 567,25 m y.s. Í hlýindakafla sem þá fylgdi hækkaði vatnsstaðan í um 567,5 m y.s. þann 14. febrúar og enn í um 568,5 m y.s. þann 19. febrúar. Þá lækkaði vatnið aðeins aftur og var, með smá sveiflum upp og niður, þar til í byrjun mars í um 568 m y.s. Um viku af mars byrjaði síðan mikil hláka með vatnavöxtum á þessu svæði og hækkaði þá vatnstaðan en féll síðan hratt þó vatnsrennsli ykist og má reikna með að það hafi orðið vegna þess að ís úr haftinu hafi skolast út. Fyrstu ályktanir voru að vatns- og ísstaða inni í Eyvafeni hafi fylgt hæð vatns við Krók. Myndir úr eftirlitsflugi í vetur sýndust staðfesta þessa ályktun.

3 Kortlagning Eyvafens

Samkvæmt þeim kortum sem unnið hefur verið eftir fram að þessu hefur mesta botnhæð á útfalli Eyvafenslæggðar verið talin vera aðeins neðan við 567 m y.s. Þar fyrir innan er skálarformuð lægð í Eyvafeni með næsta láréttan botn (tjarnar/fensvæði). Vestast á þessu fensvæði eru lindir. Inn í Eyvafenslæggðina og í útfallsrásina liggja farvegir Eyvafenslækja sem virðast að sumarlagi vera að mestu þurrir nema aðalgreinin sem liggur inn í útfallið en þaðan rennur vatnið áfram að Þjórsá.

Eyvafen og nágrenni var kortlagt með 1 m hæðarlínunum árið 1994 en kortagerðin byggðist á svart hvítum loftmyndum frá 1984, teknar í 1800 m hæð yfir landi, og var unnin í tölvum. Samkvæmt þessum kortum er meginhluti gróins svæðis í Eyvafeni sem færi undir vatn með Norðlingaöldulóni í 568 m y.s. innan við 567 m y.s. hæðarlínuna.

Þar sem Eyvafen var að mestu þurrt í sumar og fram í september þrátt fyrir vatnsstöðu í Þjórsá hærri en 567 m y.s. vaknaði sá grunur, þegar gögn úr siritanum við Krók voru skoðuð í vetur, að mesta botnhæð í útfalli Eyvafens gæti verið eitthvað hærri en kort sýndu og jafnvel að botn Eyvafens stæði í svipaðri hæð eða hærri sem væri í mótsögn við kort af svæðinu.

Þegar hér var komið sögu var því ákveðið að biðja fyrirtækið Loftmyndir ehf., sem gert hafði kortin af Eyvafenssvæðinu, að athuga nákvæmni þeirra. Einnig lá að baki þessarar ákvörðunar sú vitneskja að við gerð þeirra hafði sérstaklega verið lögð áhersla á nákvæmnisrýni og handvirkar leiðréttingar (yfirferð) á sjálfvirk tölvoteiknuðum hæðarlínunum lands við lónjaðra en þá var verið að skoða Norðlingaöldulón sem liggja átti herra en það lón sem nú er í skoðun. Nú hefur komið í ljós að veruleg skekkja er einmitt í kortlagningu Eyvafenslæggðarinnar en kortlagning annarra svæða er í lagi. Loftmyndir

ehf. hafa gefið á þessu ýmsar skýringar en telja að mikil óheppni hafi valdið því að Eyvafenslægðin skyldi vera með grófvillur en á því hafi verið hverfandi líkur. Fyrirtækið nefnir m.a. sem orsök grófvillu að á þessum tíma hafi myndavélabúnaður og filmur verið af lakari gæðum en nú er en einnig hafi fenið verið alveg vestast í myndblokkinni og því komið á "hættusvæði" og að stöðuvötn og blautar mýrar séu ávallt varhugaverð svæði þegar búin eru til landlíkön með sjálfvirkum aðferðum.

Kort af Eyvafeni hafa nú verið leiðrétt og endurgerð og kemur samkvæmt því í ljós að staðan í Eyvafeni gagnvart Norðlingaöldulóni í hæð 568 m y.s. er gjörbreytt frá því sem áður var talið en hæðarlínan 568 m y.s. umlykur nú nánast gróðurlausan botn Eyvafenslægðarinnar sem er nánast flatur í hæð um 567,6 m y.s. Einnig fæst nú að þröskuldur er í útfalli Eyvafenslægðarinnar þétt við fenið í um 567,8 m y.s.. Við endurgerð kortanna hefur verið stuðst við loftmyndir af svæðinu teknar 1998 úr tæplega 4000 m hæð og í lit. Einnig hefur verið stuðst við ýmsar nýjar og eldri landmælingar af takmörkuðum hlutum svæðisins. Til að ganga úr skugga um hæð Eyvafenslægðarinnar, og útfallsins úr henni í Þjórsá, var mælingarflokkur sendur á staðinn nú í mars og staðfesta mælingar hans áður nefndar hæðir í Eyvafeni.

4 Aðstæður í Eyvafenslægð

Eyvafen (aðalsvæðið) liggur í dæld eða lægð með formi skálar sem svipar til botns stöðuvatns, en neðst í lægðinni er gróðurlaust svæði (tjarnarstæði/fen) með gróðurkraga umhverfis. Út úr lægðinni að norðaustan er útrennslirás sem liggur niður að Þjórsá. Þekkt er að botn Eyvafenslægðar þornar að mestu á sumrin utan linda í honum vestanverðum. Við athugun ljósmynda hefur komið í ljós að fenið virðist fyllast af vatni upp fyrir haft í útfalli (567,8 m y.s.) einhvern tíma á tímabilinu frá byrjun september til byrjunar október og þar liggi síðan vatn eða ís yfir fram að vorleysingum (sbr. loftmyndir af svæðinu). Ekki er fyllilega ljóst hvaðan vatnið sem fyllir fenið kemur en t.d. nú síðsumars var engin sérstök úrkoma sem er líkleg til að hafa valdið því. Líklegri tilgáta virðist vera að hér sé um síðkomna grunnvatnsbylgju frá jöklum að ræða eða að freri í jörðu í grennd þíðni og hleypi grunnvatni fram.

Um hæð og umfang íss á Eyvafeni að vetrarlagi eru ekki fyrir hendi miklar mælingar. Könnunarmyndir úr lofti og upplýsingar frá vatnamælingamönnum staðfesta þó að þarna er allt undir samfelldum ís að vetrarlagi og að rennsli er í Eyvafenslækjum að Þjórsá. Mikið rennsli hefur verið í Þjórsá og vatnsstaða há frá miðjum febrúar í ár fram undir miðjan mars og vegna þessa var ákveðið að gera út könnunarleiðangur í Eyvafen þann 16. mars þegar nokkuð hafði sljákkað í ánni. Í ljós kom við landmælingar að ís yfir tjarnarsvæði fensins var í 568,1 m y.s. og við borun gegnum ísinn að vatnsstaðan þar var í 568 m y.s. Ísinn reyndist vera rúmlega 20 cm þykkur og vatnsdýpt yfir 60 cm. Jaðrar íssins lágu inni á landi í talsverðri fjarlægð frá tjarnarjaðri og mæld var hæð allt upp í 568,5 m y.s. á ísnum. Hann bar merki um að hafa flotið í þeirri hæð en brot í ísflötinum gáfu til kynna hvernig ísinn hafði sigið um leið og vatnshæðin seig. Vatnsstaða í Þjórsá var á þessum tíma komin vel undir vatns- og íshæð í feninu sem einnig lá hærra en þröskuldur í útfalli fensins. Þetta passar við að ís liggi á þröskuldinum og stífl

útfallsrásina. Ekki er ólíklegt að umrætt vatnsborð sýni venjulega vatnsborðsstöðu í feninu að vetri til og hún því óháð rennsli í Þjórsá nema í flóðum.

Við flóð, þegar vatnsstaðan við Krók fer yfir 568 m y.s., hefur Þjósa nokkuð örugglega áhrif á vatnsstöðuna í Eyvafenslægdöinni en ekki endilega með því að flæði úr ánni þangað heldur með því að halda á móti vatni úr Eyvafenslækjum og snúa rennsli þeirra að feninu. Rennsli er allt árið í Eyvafenslækjum og þegar vatnavextir eru í Þjórsá má ætla að einnig sé mikið vatn í lækjunum sem nægi þá til fyllingar í feninu. Flóðástand varir venjulega yfir stuttan tíma og má vænta að svæðið fari þá fljótlega eftir að flóð sjatna í venjulega stöðu miðað við árstíma.

5 Áhrif Norðlingaöldulóns á Eyvafen

Í samræmi við veitutilhögun Landsvirkjunar er reiknað með því að Norðlingaöldulón verði rekið í hæð 566 m y.s. að sumarlagi. Samkvæmt því sem komið hefur fram hér að ofan verða á þeim tíma engin áhrif eða breyting á Eyvafeni umfram það sem gerist nú við náttúrulegar aðstæður.

Að vetrarlagi (október-maí) er samkvæmt sömu veitutilhögun reiknað með því að yfirfallshæð Norðlingaöldulóns sé í 568 m y.s. og verði þá lónið rekið með 20-30 cm borði þannig að hæð vatnsborðs verði allt að 567,8 m y.s. Hvað varðar vatns- og ísstöðu við Krók við núverandi aðstæður má reikna með því að hún sé að minnsta kosti í um 567,2 m y.s. yfir mestan hluta vetrarins og fram á sumar. Vatnsstaðan getur verið enn hærri að vetrarlagi en þá sennilega yfir styttri tíma. Eins og að framan greinir virðist ís liggja yfir Eyvafenslægdöinni á veturna í um og yfir 568 m y.s. Norðlingaöldulón í 568 m y.s. (567,8 m y.s.) að vetri til hefur því ekki áhrif inn í Eyvafensdældina en aðeins áhrif í "flóanum" næst Þjórsá á hæðarbilinu 567,2-567,8 m y.s. Áhrif lónsins á gróður í Eyvafensdældinni eru því engin og í "flóanum" einnig verulega minni en álitíð hefur verið fram að þessu.

Áður en Kvislaveita var gerð var rennsli í Þjórsá meira en nú er og má því reikna með að þá hafi vatnsstaða við Krók, bæði að sumar- og vetrarlagi, almennt verið hærri og há staða hafi náð yfir lengri tíma en nú er. Þar sem mikil ísáraun er í haftinu á ári hverju kæmi ekki á óvart þó einhverjar breytingar sem hefðu minnkað fyrirstöðu á rennsli hafi orðið síðan Sigurjón Rist gerði athuganir sínar þarna fyrir rúmum fjörutíu árum. Í þessu sambandi má minna á það að við flóðaðstæður, hvort sem er að sumri eða vetri eða við sérstakar ístruflanir (sbr. S. Rist), getur vatnsstaða í Eyvafeni við núverandi aðstæður orðið verulega hærri en um hefur verið rætt hér að ofan, en slíkt ástand varir þó væntanlega yfir stutt tímabil.

Samkvæmt vatnshæðarmælingunum við Krók frá því í júní á síðasta ári þar til nú hefur áin farið lægst í um 566,5 m y.s. og hæst í um 568,5 m y.s. eða sveiflan hefur verið um tveir metrar í "venjulegu" árferði.

Samkvæmt endurskoðuðum kortum af Eyvafeni og nágrenni mælist Eyvafenslægdöin innan 568 m y.s. hæðarlínunnar nú um 1,0 km² en Norðlingaöldulón í hæð 568 m y.s. um

5,3 km² að flatarmáli (án lægðarinnar). Norðlingaöldulón við 566 m y.s. mælist um 3,1 km².

Út frá ofangreindum athugunum má sjá að Norðlingaöldulón (í 566-568 m y.s.) mun að stærstum hluta liggja í eyrar- og klapparfarvegi Þjórsár auk þess að teygja anga sína á einstaka stað inn í aðlæga vatnsfarvegi (útfall Eyvafens, Svartá). Við endurskoðun korta hefur komið í ljós að umfang gróins lands sem fer undir vatn vegna lónsins minnkað verulega.

Að síðustu má benda á að með Norðlingaöldulóni í 568 m y.s. verður haftið í ánni undir ís og á dýpra vatni en nú er og hættir að hafa áhrif á rennsli árinna. Við venjulegar aðstæður ættu þá vatnsborðssveiflur að vera í lágmarki en hér hjálpar einnig dempanði áhrif lónsins. Til að draga úr vatnsborðssveiflum við aukið rennsli árinna umfram dælingargetu er hægt að opna botnlokur og stýra vatnshæðinni. Um nauðsyn þess að hafa Norðlingaöldulón í um 568 m y.s. til að geta stýrt rekstri lónsins við ísaðstæður hefur áður verið fjallað á öðrum vettvangi en vatnsborðsmælingar við Krók staðfesta þann ótta um ístruflanir sem Landsvirkjun hefur haldið fram.

Fylgiskjöl:

Ýmis línurit, kort og myndir.

Norðlingaölduveita



Landsvirkjun


Mars 2004

NORÐLINGAÖLDUVEITA

INNISBLAÐIÐ VANA-ÞINGEÐIR 1. OG 15. MARS 2004




Landsvirkjun



Rennsli Þjórsár 127 m³

08.08.2001








Landsvirkjun

Krókur

Rannsóknadeild





Venjuleg ísalög þjorsár og Hvítar um miðjan vetur
Ice conditions usually prevailing in mid-winter in the Thjorsa and Hvita River systems

Lagt í flestum árum
Covered in most years


Braytileg ísalög. Lagt í miklum frestum, annars dult.
Variable ice cover. Most frequently free from ice, only covered with ice in periods of severe frost

Ísfrjálst í flestum árum
Open water in most years

Agangur
Bank flooding caused by ice jams


Ástæða veisluþess áttunda ára íslenskrar vafnastæðu þegar átt og tólf voru venjulega í skammti á milli ára.
Reason for this eighty-year Icelandic famine was that eight and twelve were usually

36 Hiti uppskrattum 12. Hátíðarhiti
Temperature of spring water 12




Vatnshæð við Krók um 566,75

22.09.2003



0 1 2 km

Norðlingaölduveita
Norðlingaöldulón 566 - 568 m hæð y.s.



Gróðurgreining gerð af Náttúrufræðistofnun
30.3.2004 LV/ThTh

Norðlingaölduveita
Norðlingaöldulón
Uppistaða í Eyvafeni
Gróðurkort



Landsvirkjun

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Árnesi
801 SELFOSS

Tilv. vor: 62 NOR- 005
Reykjavík, 26.04.2004

Varðar: **Norðlingaölduveita**

Frá því síðastliðið haust hafa fulltrúar Landsvirkjunar og sveitarstjórnar í samráðsnefnd aðila aflað margvíslegra gagna um útfærslu á Norðlingaölduveitu og áhrif hennar miðað við mismunandi vatnsborðshæðir.

Á fundum nefndarinnar hefur Landsvirkjun lagt fram ný gögn um vatnsborðshæðir er byggja á mælingum og endurskoðuðum kortum af Eyvafenssvæðinu. Einnig hefur verið lögð fram skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands um áhrif veitunnar á gróður- og fuglalíf í Eyvafeni og nágrenni.

Landsvirkjun hefur lýst sig reiðubúna til viðræðna um að lækka vatnsborð nokkuð að vetrarlagi frá 568 m y.s. sem hingað til hefur verið miðað við ef það mætti auðvelda heildarsamkomulag um málið, þó þannig að rekstur veitunnar verði tryggður.

Landsvirkjun óskar því eftir að samráðsnefndin fjalli áfram um málið með það að markmiði að ná sameiginlegri niðurstöðu um vatnsborðshæð að vetrarlagi, þannig að málið fái afgreiðslu í þeirri skipulagsvinnu, sem framundan er.

Virðingarfyllt

Agnar Olsen
framkvæmdastjóri
verkfræði- og framkvæmdasviðs



Landsvirkjun
er bakkjari
þjóðmínjasaðna Íslands

Háaleiklaubaut 68 • 103 Reykjavík • Sími: 515 9000 • Myndriti: 515 9007 • landsvirkjun@lv.is • www.lv.is

100 ár

RAFRAGN Á ÍSLANDI 1904-2004



Fornleifavernd ríkisins

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Félagsheimilinu Árnesi
801 Selfoss

Lyngás 7, 210 Garðabæ
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
agnes@fornleifavernd.is

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr.	K/ 15.04.04
Ábmr.	Svfr.
Afgr.	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.

Garðabær 13. apríl 2004
Tilvísun: Fvr 2004040008/A.S.

Efni: Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2003-2015

Með bréfi dagsettu 12. mars 2004 lagði Þráinn Hauksson f.h. skipulagsráðgjafa og sveitarfélags ofangreinda skipulagstillögu fram til kynningar. Áður hefur Fornleifavernd ríkisins fengið til umsagnar tillögu að aðalskipulagi Skeiðahrepps 2002-2014.

Í 11. grein þjóðminjalaga nr. 107/2001 segir: "Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna."

Eftirtalдар skýrslur um fornleifaskráningu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hafa verið gerðar: Ragnheiður Traustadóttir. *Greinargerð vegna umhverfismats: Fyrirhugað vegarstæði um Gaukshöfða í Þjórsárdal. Þjóðminjasafn Íslands 1995.*

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Þjórsárverum. Skráning vegna mats á umhverfisáhrifum. Fornleifafræðistofan 1999.*

Birna Lárusdóttir. *Stóri Núpur. Fornleifakönnun. Fornleifastofnun Íslands 2001.*

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Sultartangalínu 3. Fornleifafræðistofan 2001.*

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Núpsvirkjunar. Fornleifafræðistofan 2001.*

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Skriðufells í Gnúpverjahreppi í Árnessýslu. Fornleifafræðistofan 2001.*

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Holta- og Hvammsvirkjunar. Fornleifafræðistofan og Landsvirkjun 2002.*

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Núpsvirkjunar. Viðauki II. Haugstæði í landi Stóra-Hofs, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu. Fornleifafræðistofan 2002.*

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Núpsvirkjunar. Viðauki III. Haugstæði í landi Austurhlíðar, Gnúpverjahreppi. Fornleifafræðistofan 2002.*

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar. Fornleifafræðistofan og Landsvirkjun 2002.*

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar. Viðauki. Viðbótarathugun við efri mörk lóns. Fornleifafræðistofan 2002.*

Allt eru þetta skráningar á afmörkuðum svæðum vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

skal gerð undir stjórn fornleifafræðings. Um undanþágur frá þessu ákvæði ber að leita til Fornleifaverndar ríkisins. Þetta skilyrði þjóðminjalaga hefur ekki verið uppfyllt við gerð aðalskipulags Skeiða og Gnúpverjahrepps.

Virðingarfyllst
F.h. Fornleifaverndar ríkisins



Agnes Stefánsdóttir
deildarstjóri
Afrit sent: Skipulagsstofnun

Agnes

agnes@natmus.is

Milli fjalls og fjöru - skipulagsráðgjöf
Haraldur Sigurðsson
Blönduhlíð 7
105 Reykjavík

Skeiða- og Grúpvorjahreppur	
Bnr.	K/S / 5.04.04
Ábm.	Svfr.
Afgr.	() Bréf () St.
Lvm.	Trm.

Garðabæ 15. apríl 2002
Tilvísun: Fvr 2002040006/A.S.

Efni: Aðalskipulag Skeiðahrepps 2002-2014

Með bréfi dagsettu 15. mars 2002 sendi Haraldur Sigurðsson, f.h. skipulagsráðgjafa og sveitastjórnar kafla um Þjóðminjaverndarsvæði og þemakort ofangreinds skipulags til kynningar. Fornleifavernd ríkisins gerir eftirfarandi athugasemdir við þau gögn:

Undirkaflí 2, Nokkur ákvæði úr Þjóðminjalögum... Hér vantar eina setningu, í Þjóðminjalögum segir: „Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem: ...“ (undirstrikun undirritaðrar) því næst kemur listinn sem talinn er upp í greinargerðinni.

Undirkaflí 3, Um fornleifaskráningu í aðalskipulagi Skeiðahrepps:

Þar sem aðalskipulag er notað sem grunnur fyrir deiliskipulag er mjög mikilvægt að sem bestar upplýsingar komi fram í aðalskipulagi. Með því að skrá fornleifar fyrir aðalskipulag er hægt að koma í veg fyrir óþarfa kostnað á deiliskipulagsstigi, sem getur orðið allverulegur. Vinnureglur fyrir fornleifaskráningu á aðalskipulagsstigi eru, að leitað er að vísbendingum um fornleifar í heimildum og þær síðan staðsettar á loftmynd eða með GPS tæki. Þetta gerir það að verkum að unnt er að skipuleggja fram hjá fornleifunum á deiliskipulagsstigi. Ef hins vegar fornleifar koma í ljós við deiliskipulag eða jafnvel þegar framkvæmdir eru byrjaðar þarf að fara út í mun viðameiri og kostnaðasamari könnun á þeim. Sbr. eftirfarandi ákvæði í 13. og 14. grein Þjóðminjalaga

[...] Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. [...]

[...] Framkvæmdaraðili greiðir kostnað vegna þeirra rannsókna á fornleifum sem Fornleifavernd ríkisins úrskurðar að séu nauðsynlegar vegna athafna hans. [...]

Það er því nauðsynlegt, áður en aðalskipulag er lagt fram til samþykktar, að vandaðri úttekt á fornleifum sé lokið og þær staðsettar á korti. Þetta er sérstaklega mikilvægt á svæðum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Á bls. 51 í greinargerð aðalskipulags segir : "Strangt til tekið þarf að fara fram ítarleg fornleifaskráning á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess (sbr. 11 gr. Þjóðminjalaga). Fullkomin fornleifaskráning með tilheyrandi vettvangsathugunum og kortlagningu fornleifa er býsna tímafrek og því vart raunhæft að hún sé framkvæmd í tengslum við aðalskipulag sem nær yfir stórt landsvæði. Aftur á móti er brýnt að í tengslum við aðalskipulagsvinnu fari fram skráning fornleifa sem miðar að því að gefa yfirlit um þekktar fornleifar (skv. rituðum heimildum og munnmælum) og ástand þeirra." Þau skilyrði sem sett eru af hálfu minjavörslunnar við fornleifaskráningu fyrir aðalskipulag koma fram hér að ofan.

Samkvæmt greinargerðinni hefur verið unnið að fornleifaskráningu í Skeiðahreppi á undanförunum árum. Fornleifavernd ríkisins hefur ekki séð þá skráningu og getur þar af leiðandi ekki dæmt um hvort hún er fullnægjandi fyrir aðalskipulag. Hins vegar er ljóst af texta greinargerðarinnar að þessi skráning hefur ekki verið lögð til grundvallar fyrir aðalskipulagið. Minjavarðslan áskilur sér því rétt til að gera frekari athugasemdir við aðalskipulag Skeiðahrepps þegar öll greinargerðin liggur fyrir.

Í umsagnarbeiðninni kemur fram að hún sé lögð fram vegna kafla í skipulagsreglugerð þar sem segir að samráð skuli haft við Þjóðminjasafn Íslands um fornleifaskráningu vegna skipulagsgerðar, sbr. gr. 4.20 og ákvæði þjóðminjalaga. Samráð hefur ekki verið haft á vinnslutíma aðalskipulagsins og vill Fornleifavernd ríkisins benda á að beiðni um umsögn sem send er inn þegar skipulagið er fullunnið og auglýsa á skipulagið innan mánaðar, kemur alltof seint. Nauðsynlegt er að hafa samráð í byrjun skipulagsvinnunar svo hægt sé að nýta þær upplýsingar og ráðgjöf sem minjavarðslan getur veitt.

Með kveðju
F.h. Fornleifaverndar ríkisins

Agnes Stefánsdóttir
Deildarstjóri
Afrít sent: Skipulagsstofnun



LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrata 7, 150 Reykjavík
Sími: 545 9750, bréfasími: 552 1160

Landslag e.h.f.
Þráinn Hauksson
Þingholtsstræti 27
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2004
Tilvísun: LAN04030121/793
NÁL/--

Ráðuneytinu hefur borist tillaga að Aðalskipulagi fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp 2003 - 2015.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við tillöguna

F.h.r.

Niels Árni Lund

Landslag ehf, landslagsarkitektar FÍLA
Þráinn Hauksson
Þingholtsstræti 27
101 Reykjavík

Selfoss, 24. mars 2004
Tilvísun: 2004030052/10.10
EFJ/

Efni: Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2003-2015 - svör við tillögu til kynningar.

Eftirfarandi er skrifað m.v. teikningu sem er í vinnslu í mars 2004, ásamt greinargerð sem eru "Tillaga (drög 1)" frá mars 2004.

Vegtengingar:

Vel er að vita til þess að þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu fristundabyggða sem og aukinni uppbyggingu, er almennt reiknað með að notast sé við núverandi vegi og tengingar.

Reiðleiðir:

Reiðleiðir eru víða staðsettar meðfram vegum í umsjón Vegagerðarinnar. Velta má upp þeirri spurningu hvort ekki sé meira aðlaðandi fyrir sérstaklega ferðamenn, að skipulagðar reiðleiðir séu sem lengst frá þjóðvegum og ökutækjum, en ekki sem næst vegunum með öllum þeim hávaða og hættu sem tækjaumferð óhjákvæmilega fylgir.

Árnes og Brautarholt:

Gert er ráð fyrir áframhaldandi þéttbýlismyndun á þessum stöðum og a.m.k. við Brautarholt verði þess gætt að tengingum við vegi Vegagerðarinnar verði haldið í lágmarki sem er hið besta mál. Við Árnes er annarskonar orðalag notað og greinilega er gert ráð fyrir meiri þéttbýlismyndun þar, m.a. annars báðu megin vegarins. Vegagerðin varar við því að Þjórsárdalsvegur verði gerður að þéttbýlisgötu og að einnig þar verði vegtengingum haldið í lágmarki, að þær verði fáar en vel skilgreindar. Minnt er á að allar nýjar vegtengingar inn á vegi í umsjón Vegagerðarinnar þurfa að vera í samráði við Vegagerðina.

Efnisnámur:

Á skrifandi stundu er ljóst að margar efnisnámur vantar, en í drögunum er þess einnig getið að eftir eigi að fara yfir efnisnámur og þá m.a. með Vegagerðinni. Í ljósi þess er ekki frekar um það fjallað hér, enda verði námumál sérstaklega tekin fyrir á samráðsfundi.

Vegur um Vorsabæ.

M.v. framlagða teikningu er erfitt að átta sig á skoðun sveitarfélagsins á breytingu á Vorsabæjarvegi nr. 324 um Vorsabæ. Vegagerðin minnir því á fyrri bréf varðandi þetta málefni; annarsvegar frá 27.september 1999 og hinsvegar frá 7.mars 2002.

Virðingarfyllst, f.h.Vg.



VEGAGERÐIN
SELFOSSI

Erlingur Jensson

+3544866091



8. desember 2003

Til sveitarstjórna á Suðurlandi og/eða skipulagsfulltrúa þeirra.

Undanfarin ár hefur fjölgað mjög þeim erindum sem berast til Vegagerðarinnar á Suðurlandi varðandi nýjar tengingar inn á vegakerfi í umsjón Vegagerðarinnar, bæði í tengslum við frístundabyggðir sem og stök einbýlishús hér og þar.

Nú er það svo að í vegstöðlum Vegagerðarinnar er miðað við að lágmarksfjarlægð milli gatnamóta sé ekki minni en 100 m, og allt að 300 m eftir því um hvaða vegtegund er um að ræða. Undantekningar á þessu er helst að finna þar sem vegsýn verður illa við komið með skemmri fjarlægð, t.d. sökum landfræðilegra aðstæðna. Vegstaðlar gera einnig ráð fyrir ákveðnum fjölda framúrakstursmöguleika fyrir hverja 5 km og skerðast þeir möguleikar eftir því sem vegtengingum fjölgar. Undirritaður getur gefið nánari upplýsingar um þessi viðmið Vegagerðarinnar.

Rétt er að vekja athygli á að skv. 30. grein vegalaga nr. 45/1994 er óheimilt að tengja vegi og götur þjóðvegum nema í samræmi við skipulag og að tenginni heimild Vegagerðarinnar.

Stundum hefur það viljað brenna við að tengingar séu staðsettar án þess að hugað sé að hvar heppilegast muni vera að tengja m.t.t. umferðaröryggis (t.d. yfirsýn til beggja átta), fjarlægðar í næstu gatnamót eða þess að fyrirséð er (t.d. skv. aðalskipulagi) að fleiri (frístunda)hús muni rísa á þessu svæði. Hið "klassíska" dæmi er þegar unnið er deiliskipulag á nokkrum hekturum fyrir jafnvel eitt íbúðar- eða frístundahús og við hliðina gert samskonar fyrir kannski 2-3 hús, en hvor landeigandi vill hafa sína tengingu. Annað "klassískt" dæmi er þar sem gamli túnafleggjarinn allt í einu er orðinn að tengingu fyrir tug frístundahúsa þó svo að hann í árdaga hafi verið staðsettur þarna af allt öðrum ástæðum og við árstíðabundna og tímabundna notkun, e.t.v. af hentugum ástæðum m.t.t. tækjanotkunar.

Bréf þetta er sent út með það í huga að þeim skilaboðum verði komið til þeirra sem sem um skipulagninguna sjá, að hugað verði betur að þessum málum og skipulag vegtenginga verði meira heildrænt, og þannig leitast við að halda í lágmarki nýjum tengingum inn á vegakerfið í umsjón Vegagerðarinnar, þ.e. að þær tengingar sem fyrir eru séu nýttar í stað þess að gera nýjar. Umferðaröryggislega þá er betra er að hafa fá en vel skilgreind gatnamót fremur en mörg og illa skilgreind.

Nú er svo komið að á Hringveginum á Suðurlandi eru 2 kaflar þar sem hámarksúmferðarhraði er 70 km/klst (vestan við Hellu), fyrst og fremst vegna fjölmargra tenginga á þessum stöðum. Ef ekki er hugað að fjölgun tenginga í tíma þá er viðbúið að þessum stöðum muni fjölga og þar með muni ferðatími milli staða á Suðurlandi aukast, en markmið góðra vega er m.a. að stytta þennan tíma.

Uppbygging og efling hinnar dreifðu byggðar er af hlínu góða og Vegagerðin mun ekki láta sitt eftir liggja við að efla vegakerfið, eftir því sem fjárveitingar til þess koma inn. En það er fyrst og fremst sveitarfélaganna að hafa frumkvæðið að skipulagsmálum og verða þau m.a. að taka tillit til umferðaröryggissjónarmiða. Bréf þetta er því sent út til að vekja athygli á ofangreindu sem og upplýsa að Vegagerðin er sem fyrr, tilbúin til að veita upplýsingar um tengingaviðmið til skipulagsráðgjafa sem og þeirra er málið kunna að varða.

Með von um góða samvinnu.

F.h.Vg. á Suðurlandi

Erlingur Jerisson, deildarstjóri áætlana.

PETUR
INNLEGGI
SKIPULAGSGERD
KVEÐJA
INGUNN

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps

10. maí 2004.

Efni:

Norðlingaölduveita – valréttur sveitarfélagsins er afar verðmætur

Hér eru tekin saman nokkur atriði um Norðlingaölduveitu og fræð rök fyrir því að það sé skynsamlegt fyrir sveitarstjórn í Skeiða- og Gnúpverjahreppi að láta ekki ótímabært af hendi rétt sinn til að kveða á um framkvæmdir við Norðlingaölduveitu.

Eftirspurn eftir orku frá Norðlingaölduveitu

Nú liggur fyrir að við næstu stækkun Norðuráls verður orku aflað á Hellisheiði og á Reykjanesi. Því virðist sem ein megin forsenda fyrir Norðlingaölduveitu sé ekki lengur til staðar. Engin knýandi þörf er því fyrir framkvæmdum á þessu svæði á næstu árum.

Umhverfisstofnun beitti ekki varúðarreglunni

Í umfjöllun um Norðlingaölduveitu er mjög oft vitnað í bréf og greinargerð Umhverfisstofnunar frá 1. júlí 2003. Margir líta svo á að með þessu bréfi hafi verið staðfest að öll skilyrði í úrskurði setts umhverfisráðherra mætti uppfylla og óvissu í málinu væri eytt.

Þegar rýnt er í bréf Umhverfisstofnunar kemur annað í ljós. Í fyrsta lagi þá tilgreindir stofnunin tvö skilyrð sem undirstrika þá óvissu sem tengist framkvæmdinni. Þau eru:

- Að settar verði upp viðeigandi áætlanir um viðbótar rannsóknir og eftirlit.
- Að sýni vöktun að grunnvatnsstaða í verunum lækki og landið þorni þurfi að gera ráð fyrir frekara rennsli til að koma í veg fyrir áfok og til að tryggja að grunnvatnsstaða innan friðlandsins haldist sem næst óbreytt.

Þessi tvö skilyrði gefa til kynna að Umhverfisstofnun hafi ekki tekið mið af varúðarsjónarmiðinu¹ í niðurstöðu sinni.

En það er fleira í greinargerð Umhverfisstofnunar sem bendir til þess að varðúrareglan hafi ekki verið leiðbeinandi um álit stofnunarinnar.

Á bls. 6 segir að við minnkandi rennsli í farvegi Þjórsár aukist hættan á foki inn í friðlandið og að einhver þornun muni verða í Þjórsárverakvíslaveri sem er á mörkun friðlandsins. [Ekki er vitað til þess að Umhverfisstofnun hafi leitað ráða hjá Landgræðslu

¹ Varúðarreglan er ein þeirra megin reglna sem samþykkt var á Ríó-raðstefnunni 1992. Hún hefur ekki verið innleidd í lög hér á landi en til hennar er oft vísað. Þegar óvissa er um áhrif framkvæmda á náttúran að njóta vafans, þetta á ekki hvað síst við þegar í hlut á afar vermætt svæði.

ríkisins um þetta atriði.] Þá segir einnig að veitan hafi „*einhver áhrif en ekki afgerandi á grunnvatnsstöðu í friðlandinu*”, skv. rannsókn Orkustofnunar.

Í greinargerðinni er minnt á að til séu tvær túlkanir um stöðu grunnvatns, þ.e. hvort framlag jökulbráðar sé afgerandi eða úrkoma og bætir við „ástæða er til að skera úr þessum vafa”. Umhverfisstofnun virðist ekki hafa reynt að skera úr um þennan vafa en fullyrðir engu að síður með tilvísan í varúðarregluna „að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki hafa lagtímaáhrif á friðlandið í Þjórsárverum og skapi því ekki hættu á að friðlandinu verði spillt.”

Greinargerð Árna Hjartarson og fl. frá mars 2003 „Þjórsárver, grunnvatn og gróður” er að því að best verður skilið sú rannsókn sem Umhverfisstofnun styðst helst við í mati sínu. Í henni segir m.a. í niðurstöðum „*Vatnsborðsstaðan þar [Þjórsárkvíslaver] virðist ekki háð rennisslissveiflum í Vesturkvísl og vatnsstaðan í henni virðist ekki halda uppi grunnvatnsfletinum í verinu, nema í þurrkatíð....*“ áhrif Vesturkvíslar á grunnvatnsborð geta verið talsverðar á þeim tíma sumars þegar lítið rignir og úrkoma vegur ekki upp á móti upptöku vistkerfisins. Í umfjöllun Umhverfisstofnunar virðist hún gera tiltölulega lítið úr þessu atriði sem þó virðist vera afar mikilvægt og er getið sem helstu niðurstöðu í greinargerð Árna Hjartarsonar o.fl..

Í skýrslu Árna Hjartarsonar o.fl. er oft og iðulega talað um „líkleg” áhrif. Orðið „líklega” undirstrikar að nokkur að óvissa er fyrir hendi, óvissa um áhrif á gróður og friðlandið. Í niðurstöðum í skýrslu Árna Hjartarsonar o.fl. er einnig bent á þann möguleika að takamarka veituna við Þjórsárkvíslar. Það er einkennilegt að Umhverfisstofnun tekur þetta atriði ekki upp í sinni greinargerð.

Framgreindar tilvitnanir sýna að það er langt frá því að fyrirbyggjandi sé nægjanleg þekking til að meta með fullnægjandi hætti hvaða áhrif áformuð mannvirki hafi á Þjórsárver. Sé varðúðarreglunni beitt ætti þessi óvissa að vera framkvæmdum í óhag þegar um er að ræða afar verðmætt svæði.

Óvissa og ónákvæmni var nýlega undirstrikuð þegar Náttúrfræðistofnun að beiðni Landsvirkjunar fór að kanna gróðurfar í Eyvafenum. Þá kom í ljós að hæðarstaðsetning þar var önnur en gert hafði verið ráð fyrir í framlögðum gögnum.

Þjórsárver eru afar verðmætt svæði

Þjórsárver eru eitt verðmætasta svæði á hálendi Íslands m.t.t. náttúrufars og landslags. Þetta er staðfest í skýrslu um 1. áfanga rammaáætlunar og í drögum að náttúruverndaráætlun þar sem færð eru sterk rök fyrir nauðsyn þess að færa út mörk friðlandsins til að treysta verndun þess. Við mat á framkvæmdaáformum sem hugsanlega geta haft áhrif á jafn verðmætt svæði og Þjórsárver, er mikilvægt að varúðarreglan sé í heiðri höfð.

Viðbótarframkvæmdir hafa ekki verið metnar

Í 1. viðauka við lögina um mat á umhverfisáhrifum er yfirlit yfir framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Í lið 17 segir „*Stíflur og önnur mannvirki eða*

breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni þar sem 3 km² lands eða meira fara undir vatn eða rúmtak vatns er meira en 10 milljónir m³.“

Í lýsingu Landsvirkjunar á setlóni með veitum segir frá ágúst 2003 segir:

„Byggt verður setlón norðan friðlandsins og vatni veitt úr því í Þjórsárlón sem er nyrsti hluti Kvíslaveitu. Setlónið er myndað með lóni í Vesturkvísl er nefnt hefur verið Vesturkvíslalón. Einnig er lítið lón myndað með gördum í Litlu Arnarfellskvísl og er vatni úr því veitt um skurði í Vesturkvíslarlón og þaðan með stærri skurði, er nefndur hefur verið Vesturkvíslarskurður, í Austurkvísl sem rennur í Þjórsárlón. Aðalamannvirki eru stífla í Vesturkvíslum sem myndar Vesturkvíslalón og Vesturkvíslaskurð. Til að halda grunnvatnsstöðu neðan lónanna er miðað við að 2m³/s verði hleypt um framhjärennslismannvirki niður núverandi aura neðan stíflu. Leitast verður við að hleypa þessu rennsli yfir í Litlu Arnarfellskvísl þannig að framhjärennslí haldist sem er næst Þjórsárvíslaverum.“

Valdar kennitölur:

Meðalrennsli Arnarfellslóns 3,5m³/s

Meðalrennsli til Vesturkvíslalóns 8,9m³/s

Framhjá rennsli niður árfarveg metið um 2m³/s

Flatarmál Vesturkvíslalóns 3,4 km²

Flatarmál lóns við Litlu Arnarkvísl er 0,2 km²

Lengd Vesturkvíslarstíflu 3,3, km.

Vesturkvíslarskurður 2.600 m og botnbreidd allt að 25m

Framangreind upptalning staðfestir að um er að ræða mannvirki sem eru langt yfir þau viðmiðunarmörk sem tilgreind eru í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum og það er því engum vafa undirorpið að þau ætti því að undirgangast mat með lögformlegum hætti. Þessi mannvirki voru ekki kynnt sem hluti af þeirri tillögu sem tekin var til mats sumarið 2002. Þau hafa því aldrei verið metin í samræmi við hið lögformlega ferli; engin matsáætlun var gerð og kynnt, framkvæmdin hefur ekki verið kynnt með opinberum hætti og almenningi ekki verið gefin kostur á að gera athugasemdir. Þá er rétt að haf í huga að þessi mannvirki eru mjög áþekk því sem kallað var Kvíslaveita 6 og Þjórsárveranefnd hafnaði á sínum tíma.

Valrétturinn er verðmætur

Fram hefur komið að Landsvirkjun sækist eftir að fá virkjunarleyfi og framkvæmdaleyfi sem fyrst. Jafnframt er staðfest að ekki komi til framkvæmda á næstu árum.


Hér að framan hefur því verið lýst að nokkur óvissa er enn um áhrif framkvæmda og hluti mannvirkja hefur ekki verið metinn með hliðsjón af gildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum.


Ekki eru fyrir hendi brýnir virkjunarhagsmunir, óvissa er fyrir hendi um áhrif mannvirkja, sífellt koma fram nýjar upplýsingar um framkvæmdina og áhrif hennar og mannvirkin snerta eitt verðmætasta svæðið á hálendi Íslands. Við þessar aðstæður er valrétturinn afar verðmætur. Sveitarstjórn hefur við núverandi aðstæður

enn möguleika á að velja eða hafna fyrirbyggjandi framkvæmdahugmynd. Verði virkjunarleyfi og framkvæmdaleyfi veitt glastast þessi valréttur frá stjórnvöldum og sveitarstjórn og færist yfir í hendur virkjunaraðila. Framkvæmdaaðili getur átt þennan rétt í a.m.k. fimm ár. Á þeim tíma geta orðið miklar breytingar í hugmyndum og áherslum í bæði virkjana- og náttúrverndarmálum. Það er því skynsamlegt að stjórnvöld, og sérstaklega sveitarstjórn, haldi valréttinum á sinni hendi eins lengi og kostur er.

Viðingarfyllst.

F.h. Áhugahóps um vöndun þjórsárvera.


Sigurður Steinþórsson


Sigríður Jónsdóttir

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 - Tillaga til auglýsingar

Yfirlit yfir breytingar, endurbætur og lagfæringar á tillögu eftir athugun Skipulagsstofnunar og frekara samráð við umsagnaraðila- Minnisblað lagt fram til kynningar í hreppsfund á fundi 9. nóvember 2004:

- Íbúðarsvæði og þéttbýli: Orðalag á stefnuatriði 7 í 2. kafla, um heimild til byggingar íbúðarhúsa á landbúnaðarsvæðum samræmt sambærilegu ákvæði í 9. kafla um landbúnaðarsvæði, sbr. athugasemd Skipulagsstofnunar (29.06 2004).
- Svæði fyrir þjónustustofnanir: Skipulagstofnun óskaði í athugasemdum (29.06 2004) eftir frekari stefnumörkun um upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar í Þjórsárdal (Þ13 og Þ14). Ekki liggur fyrir nánari stefnu um uppbyggingu á þessum stöðum þannig að aðeins var bætt við setningunni fyrir bæði Þ13 og Þ14: "Nánari stefna um starfsemi á staðnum verður mörkuð í deiliskipulagi."
- Verslunar- og þjónustusvæði: Skipulagstofnun óskaði í athugasemdum (29.06 2004) eftir því að nánari grein yrði gerð fyrir starfsemi á verslunar- og þjónustusvæðunum (V4-V11). Bætt er við einni setningu: "Á svæðunum er fyrst og fremst gert ráð fyrir þjónustu við ferðamenn."
- Athafnasvæði: Ekki er talin ástæða til að afmarka sérstaklega móttökustað fyrir sorp og spilliefni, sem er á athafnasvæðinu við Brautarholt, sem iðnaðarsvæði. Í núverandi texta er gert ráð fyrir að slík afmörkun verði sýnd á deiliskipulagi.
- Iðnaðarsvæði: Varðandi blandaða landnotkun iðnaðar og opinna svæða til sérstakra nota, á svæðum Landsvirkjunar við Búrfell og Sultartanga og athugasemd Skipulagsstofnunar þar um (29.06 2004), er bætt við eftirfarandi setningu við lýsingu á I1 og I2: "Æskilegt er að Landsvirkjun vinni sem fyrst rammaskipulag eða deiliskipulag fyrir svæðið í heild sinni, þar sem kveðið verði nánar á um afmörkun landnotkunar. Landnotkun aðalskipulagsins verði breytt í samræmi við þá afmörkun, þegar hún liggur fyrir, ef þurfa þykir. Ef unnið verður rammaskipulag fyrir svæðið verður að fylgja því eftir með gerð deiliskipulags, á helstu svæðum."
- Efnistökusvæði: Skipulagsstofnun mælist til þess sem fyrr að allir efnistökuastaðir (meiriháttar og minniháttar) verði sýndir á skipulagsuppdrætti (sveitarfélagsuppdrætti sbr. gr. 4.9.2. í skipulagsreglugerð). Skipulagsráðgjafar leggja til að haldið verði við fyrri stefnu um að minniháttar efnistökuastaðir (e1-e27) verði aðeins sýndir á þemakorti og staðsetning þeirra verði til leiðbeiningar fyrir sveitarstjórn þegar umsókn um framkvæmdaleyfi til efnistöku er metið samkvæmt ákveðnum reglum (sbr. 4a-d). Forsenda þessarar aðferðafræði er að lagaákvæði um framkvæmdaleyfi efnistöku (27. gr. skipulags- og

byggingarlaga) verði virt og komið verði á virku eftirliti með efnistöku og tryggt að framkvæmdaleyfi liggi fyrir áður en efnistaka hefst. Nokkrar breytingar og endurbætur hafa verið gerðar á stefnuatriðum og er stefnan sett fram í heild sinni hér að neðan. Helstu breytingar og viðbætur eru feitletraðar innan hornklofa, einnig setningar sem hafa verið umorðaðar. Meðal annars hefur verið tekið tillit til nýs frumvarps um breytingu á náttúruverndarlögum sem fjallar um framkvæmdaleyfi til efnistöku á eldri efnistökustöðum, þar sem nám var hafið fyrir gildistöku náttúruverndarlaganna 1. júlí 1999:

Úr 7. kafla um efnistökustaði: "...Þeir efnistökustaðir sem eru vænlegir til notkunar í atvinnuskyni, einkum vegna vegagerðar, eru sýndir á þemakorti 4, ásamt þeim umfangsmiklu efnistökustöðum sem nefndir eru að ofan. Efnistökustaðir sem eru til eigin nota og/eða ekki lengur í notkun eru ekki sýndir á korti (sjá lista yfir efnistökustaði eftir ábendingum heimamanna í kafla 1.5. í Viðauka). Efnistökustaðir sem sýndir eru á þemakorti 4 eru fyrst og fremst til leiðbeiningar fyrir sveitarstjórn við mat á umsóknum um framkvæmdaleyfa til efnistöku, þar sem fylgt verður fast eftir ákveðnum reglum (sjá hér að neðan). **[Til að undirstrika að hér er um minniháttar efnistöku að ræða og hugsanlega mjög tímabundna, eru þessir staðir eingöngu sýndir á þemakorti en ekki á skipulagsuppdrætti].** Eftirfarandi minniháttar efnistökustaðir eru sýndir á þemakorti 4:

e1: Efnistaka á bökkum Þjórsár, við Murneyrar; e2: Efnistaka á bökkum Stóru-Laxár, vestan Gunnbjarnarholts; e3: Efnistaka á bökkum Stóru-Laxár, vestan Ósabakka; e4: Efnistaka á bökkum Stóru-Laxár, austan Skarðs; e5: Efnistaka (leirnáma) á bökkum Kálfár, sunnan Þjóðvegur nr. 32; e6: Efnistaka við Kálfa, sunnan Þjóðvegur nr. 32; e7: Efnisnáma við Þjórsárdalsveg nr. 32, skammt vestan Árness; e8: Efnistaka á mótum vega nr. 325 og 326, austan gatnamóta; e9: Efnistaka á árbökkum við Austurhlíð; e10: Efnistaka við Steinsholt; e11: Efnistaka á Hlíðareyrum, austan Hlíðar; e12: Efnisnáma austan vegar nr. 329, skammt norðan Stóru-Mástungu; e13: Efnistaka beggja vegna vegar nr. 329 norðan við Minni-Mástungu; e14: Efnisnáma við Skáldabúðir, vestan vegar nr. 329; e15: Efnisnáma við Skáldabúðir, austan vegar nr. 329; e16: Efnisnáma við Þjórsá, við Þjórsárdalsveg nr. 32, skammt frá Gaukshöfða; e17: Efnisnáma við Þjórsá, við Þjórsárdalsveg nr. 32, á móts við Ásólfstaði; e18: Efnistaka í landi Ásólfstaða; e19: Efnisnáma neðan vegar sunnan Skáldabúðarheiðar; e20: Efnisnáma ofan vegar milli Skáldabúðarheiðar og Hallarmúla; e21: Efnisnáma neðan vegar við Hallarmúla; e22: Efnisnáma ofan vegar milli Langöldu og Svartárvera; e23: Efnisnáma ofan vegar við Svartárveg; e24: Efnisnáma austan Fossölduvers, skammt frá háspennulínu frá Sultartangastöð. Efni notað til vegagerðar; e25: Efnistaka norðan í Reykholti; e26: Efnistaka við fráveituskurð frá Sultartangastöð; e27: Efnisnáma við Sandafell, norðan vegar.

Umfangsmeiri efnistaka við Hekluhaf, við Reykholt, í Sandafelli og haugstæði/efnistilflutningar vegna virkjana er hinsvegar sýnd á skipulagsuppdrætti (E1-E4).

Stefna:

- 1) Þess verði gætt að efnistaka, í atvinnuskyni sem og til eigin nota, fari einvörðungu fram á svæðum sem ekki hafi sérstakt verndargildi, t.a.m. ekki á svæðum á náttúruminjasrá, friðlýstum svæðum og

hverfisverndarsvæðum. Forðast skal eftir megni að raska ósnortnum fjallshlíðum og ásum.

- 2) Að við veitingu framkvæmdaleyfa til efnistöku (skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.) og við eftirlit með efnistöku, verði í hvívetna farið að lagaákvæðum sem lúta að efnistöku, staðarvali hennar og frágangi efnistökustaða, sbr. 6. kafli náttúruverndarlaga.
- 3) **[Stjórn og eftirlit með efnistöku samkvæmt aðalskipulaginu grundvallast á því efnistaka í atvinnuskyni, bæði núverandi efnistaka og fyrirhuguð, verði háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar (sbr. 4 og 5. liður hér að neðan) án undantekninga. Námuhafar núverandi efnistökustaða, þar sem nám var hafið fyrir gildistöku náttúruverndarlaga (1. júlí 1999), hafa þó frest til 1. júlí 2007, til að sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar.¹⁾**
- 4) **[Minniháttar og tímabundin efnistaka í atvinnuskyni er sýnd á þemakorti 4. Hér er einkum um að ræða vænlega efnistökustaði vegna vegagerðar, sem sveitarstjórn hefur til hliðsjónar við mat á umsóknum um framkvæmdaleyfi til efnistöku.]** Efnistaka á öllum tilgreindum stöðum er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, ef nýta á viðkomandi námu í atvinnuskyni, sbr. lið 3 að ofan. Sækja þarf framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar hvort sem náman er nú þegar í notkun eða ekki, sjá þó frest vegna eldri náma í lið 3. Í umsókn um framkvæmdaleyfi skal eftirfarandi koma fram:

- a. afmörkun efnistökusvæðis og lega í landslagi
- b. gera grein fyrir því hvort jarðmyndanir, vistkerfi, vatn og votlendi, sbr. 37. gr. náttúruverndarlaga, séu nálægar. Ef hætta er á röskun þeirra skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar um efnistökuna. Gera þarf einnig grein fyrir fornleifum og gæta ákvæða þjóðminjalaga, m.a. 10., 13. og 14. greinar. Ennfremur þarf að gæta ákvæða lax- og silungsveiðilaga nr. 76/1970 m.s.br. (gr. 43) ef efnistaka er fyrirhuguð við á eða stöðuvatn, "veiðivatn", sbr. skilgreining 1. gr. sömu laga.
- c. áætlun um umfang efnistökunar og hversu lengi er áætlað að hún standi yfir.
- d. gera þarf grein fyrir því með hvaða hætti áætlað er að ganga frá svæðinu þegar efnistöku er lokið

- 5) **[Eftirfarandi meiriháttar efnistökustaðir eru sýndir á skipulagsuppdraetti. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir þeirri efnistöku, ef það liggur ekki þegar fyrir, samanber liður 3 að framan og reglur um atriði sem eiga að koma fram í umsókn, sjá lið 4:]**

- a) Efnistökustaðir sem heyra undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum (sbr. ákvæði um stærðarmörk):

¹ Hér er tekið mið af frumvarpi til laga "um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 með síðari breytingum (eldri námur)", sem lagt var fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004-2005. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að efnistaka yfir ákveðnum stærðarmörkum (t.d. 25.000 m²) hafi frest til ársins 2007, til að sækja um framkvæmdaleyfi, en minni námur til ársins 2010. Í aðalskipulaginu er lagt til að frestur til 2007 gildi fyrir allar eldri námur í atvinnuskyni, óháð umfangi áframhaldandi efnistöku.

E1: Hekluhaf við Búrfell, um 140 ha. Námusvæðið er utan eignarlanda austan Búrfells og vestan Þjórsár, samkvæmt sérvinnsluleyfi frá iðnaðarráðuneytinu og gildir frá 1. júlí 1998 til 1. júlí 2018.² Svæðið hefur farið í mat á umhverfisáhrifum, sbr. úrskurð í mars 2000 (skipulag.is)

- b) Önnur meiriháttar efnistaka í atvinnuskyni samkvæmt aðalskipulaginu verði leyfð á eftirfarandi stöðum.

E2: Vikurnáma í Reykholti, við "Sundlaugarveg". Nám á svæðinu er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og þurfa námuhafar að gera grein fyrir þeim atriðum sem koma fram í 4. lið að ofan.

E3: Náma Landsvirkjunar í Sandafelli. Nám á svæðinu er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og þurfa námuhafar að gera grein fyrir þeim atriðum sem koma fram í 4. lið að ofan.

E4: Efnistaka/efnistilflutningar (haugstæði) vegna virkjanaframkvæmda. Um er að ræða söfnun á efni sem til fellur og verður það fellt að landslagi og grætt upp. Framkvæmdir verða háðar framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og þarf að gera grein fyrir þeim atriðum sem koma fram í 4. lið að ofan.

- 6) [Ef ekki liggur fyrir endanleg umsögn Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða efnistöku samkvæmt aðalskipulaginu, er óheimilt að veita framkvæmdaleyfi til efnistökkunnar fyrr en að fenginni umsögn hennar (sbr. 33. gr. og 47. gr. (2. mgr.) í náttúruverndarlögum nr. 44/1999 m.s.br.]**

Mat á umhverfisáhrifum efnistöku í Skeiða- og Gnúpverjahreppi: Erfitt er að leggja mat á heildar umhverfisáhrif væntanlegrar efnistöku í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu, á þessu stigi. **[Með ákveðnari leikreglum um veitingu framkvæmdaleyfa (sbr. liður 3 og 4 að framan) og almennum ákvæðum um hvar efnistaka er ekki heimil eða óæskileg (sbr. liður 1 að framan og almenn stefna um verndarsvæði), er reynt að tryggja að svæðum með verndargildi verði ekki raskað og almennt að umhverfisáhrif efnistökkunnar á landslag verði sem minnst. Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem koma fram í umsókn námuhafa um framkvæmdaleyfi (sbr. liður 4), verður metið hvaða skilyrðum efnistakan verður háð, hvort forsvaranlegt sé að hefja efnistöku á viðkomandi svæði yfir höfuð eða hvort frekari efnistaka verður leyfð. Sérstaklega er mikilvægt að námuhafar efnistökuastaða E2 og E3 skili inn ítarlegum gögnum með umsókn um framkvæmdaleyfi. Ennfremur verður að gera ráð fyrir að leita þurfi umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdaleyfi verður veitt, þar sem ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um efnistöku á aðalskipulagsstiginu (sbr. liður 6 að ofan).]**

Einnig verður bætt við stuttri lýsingu um efnistöku á setlónssvæði Þjórsárjökulsveitu, sem sett verður fram í Viðauka, sbr. gögn frá Landsvirkjun dagsett 2.11. 2004.

²Niðurstöður frumathugunar og úrskurður skipulagsstjóra ríkisins um vikurnám í Hekluhafi við Búrfell, 1. mars 2000.

Auk ofangreindra breytinga á texta í greinargerð, verði bætt við tilvísun á skipulagsupprætti í þemakort 4 varðandi aðra efnistökuáði.

- Svæði fyrir frístundabyggð: Stefnuatriði nr. 7 orðist með eftirfarandi hætti: “Stærðir sumarhúsaloðir skulu að meðaltali vera á bilinu 0,5 til 1,0 ha. Þó verður leyfilegt að skipuleggja þyrpingar sumar- og orlofshúsa á t.d. 1500-2000 m² lóðum og í öðrum tilvikum verður heimilt að skipuleggja stærri lóðir, t.d. 2 ha, enda verði slík uppbygging að mestu bundin við afmörkuð svæði.” Við stefnuatriði 5 bætist eftirfarandi við (sbr. athugasemd Skipulagsstofnunar 29.06 2004): ” Á svæðum þar sem sýnd er blönduð landnotkun frístundabyggðar og opinna svæða til sérstakra nota (sjá Stóra-Hof/Bólstað og Skriðufell) er sérstaklega mikilvægt að nánari afmörkun landnotkunar komi skýrt fram á deiliskipulagi, sem nær til svæðisins í heild, ella á heildarskipulagi sem fylgir deiliskipulagi hluta svæðisins, sbr. að ofan.” Ennfremur hefur verið bætt inn eftirfarandi sumarhúsasvæðum, samkvæmt óskum landeigenda: 1) Vestra-Geldingaholt, 25 ha svæði sem merkt er F38; 2) Miðhús I-II, um 90 ha svæði sem merkt er F39. Óskað var eftir rúmlega 100 ha í landi Miðhúsa en um 15 ha hluti þess svæðis lendir á svæði þar sem skipulagi er frestað vegna virkjanaáforma. Lagt til er til að komið verði til móts við þessa ósk landeigenda, þó ekki á því svæði þar sem skipulagi er frestað vegna virkjanaáforma.
- Opin svæði til sérstakra nota. Smá orðalagsbreyting er gerð varðandi Þjórsárdalinn: “Nánari stefna fyrir Þjórsárdalinn í heild sinni og einstök svæði innan hans skal mörkuð í deiliskipulagi.”
- Samgöngur: Samkvæmt áformaðri breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis, er (auk breyttrar útfærslu virkjanaáforma), vegur frá Norðlingaöldu að Kerlingarfjöllum gerður að fjallvegi (sbr. skilgreining svæðisskipulags), þ.e. vegurinn færður upp um einn flokk frá því sem áður var.
- Þjóðminjaverndarsvæði: Ekki er talin ástæða til að færa lista yfir menningarminjar úr viðauka inní greinargerð, sbr. ábending Skipulagsstofnunar. Núverandi tilvísanir eru látnar duga. Hér er heldur ekki um tæmandi úttekt á menningarminjum að ræða (sbr. einnig fyrri athugasemdir Fornleifaverndar ríkisins) og skýrt kemur fram í stefnu um að ljúka þurfi frekari skráning við gerð deiliskipulags.
- Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum: Ekki eru forsendur til að verða við ábendingum um flokkun vatna eftir ástandi eða stefnu þar um, þar sem fullnægjandi upplýsingar liggja ekki fyrir. Hugsanlegt vatnsverndarsvæði á Skeiðum vegna vatnsverndar í tillögu að aðalskipulagi Hraungerðirshrepps, er ekki sett inn á tillögu fyrir

auglýsingu. Þegar tillagan var kynnt var slík vatnsvernd ekki inná uppdrætti og því ekki forsvaranlegt gagnvart landeigendum á viðkomandi svæðum að setja slíka kvöð eftir á. Rétt er að benda á að vatnsverndin í Hraungerðishreppi er tilkomin vegna hugsanlegra vatnsauðlinda en ekki vegna núverandi vatnstöku til neyslu.

- Svæði undir náttúruvá: Bætt er inn upplýsingum samkvæmt athugasemdum Skipulagsstofnunar um viðmið varðandi jarðskjálftahættu og tilvísanir í viðeigandi gögn. Ennfremur er bætt við eftirfarandi stétningu varðandi skriðuhættu: “Ekki er gert ráð fyrir byggingum eða öðrum varanlegum mannvirkjum í Fossdal, inn af Þjórsárdal, þar sem skriða féll árið 1980 (sjá Viðauka I, kafla 1.7.)”
- Ýmsar aðrar lagfæringar hafa verið gerðar, s.s. varðandi tilvísanir í gögn og smávægilegar leiðréttingar, sem ekki er ástæða til að rekja hér – sbr. ábendingar Skipulagsstofnunar ofl. aðila.

Viðbætur:

Í kafla um svæði fyrir frístundabyggð, í undirkafla um mat á umhverfisáhrifum, verði bætt við eftirfarandi stétningu (sbr. umfjöllun um vatnsvernd hér að neðan): “Á svæði F4 fyrir frístundabyggð, í landi Kílshrauns, verði þó sérstaklega gætt að kröfum til fráveitu og vandað til lausna í þeim efnum, vegna hugsanlegrar afmörkunar fjarsvæðis vegna vatnsauðlinda í landi Hjálmholts, sbr. tillaga að aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015.”

Í kafla um vatnsverndarsvæði verði bætt við eftirfarandi:

“Vegna hugsanlegs fjarsvæðis (sjá skilgreiningu að framan), vegna vatnsauðlinda í landi Hjálmholts, sbr. tillögu að aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015, er gerður eftirfarandi fyrirvari:

Ef ráðist verður í töku neysluvatns í vatnsbólum, sem tilgreind eru í aðalskipulagi Hraungerðishrepps, verði hugað að því að marka hugsanlegt fjarsvæði vatnverndar vegna þeirrar vatnstöku, þegar viðeigandi gögn liggja fyrir um mörkun slíks svæðis. Fjarsvæðið næði að líkindum einkum til lands Kílshrauns, Ólafsvallartorfunnar og Árhrauns á mörkum sveitarfélaganna. Slíkt kallaði á breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Afmörkun hugsanlegs fjarsvæðis sem teygir sig inná Skeið hefur ekki legið fyrir. Í svæðisskipulagi Flóans 2011 nær vatnsverndarsvæðið eingöngu að sveitarfélagamörkum. Samkvæmt skýrslu Páls Ímslands frá mars 2003, liggur grunnvatnsstraumur, sem nærir hugsanleg vatnsból í Hraungerðishreppi, upp öll Skeið og í raun um Þjórsárhraunið allt ofan af hálendi. Hinsvegar liggur ekki fyrir með hvaða hætti skynsamlegt er að draga mörk hugsanlegs fjarsvæðis á Skeiðum. Því voru ekki forsendur til að draga slík mörk inná

tillögur að aðalskipulagi á Skeiðum og tillögur um landnotkun voru kynntar án kvaða, hvað þetta varðar, á íbúafundum. Á sveitarfélagamörkunum, næst umræddu fjarsvæði í landi Hjálmhólts, er gert ráð fyrir landbúnaðarsvæði með hverfisvernd (vegna Merkurhrauns) í landi Ólafsvallartorfunnar og Árhrauns. Eilítið sunnar, í landi Kílhrauns, við mörk Villingaholtshrepps, er hinsvegar gert ráð fyrir svæði fyrir frístundabyggð (merkt F4). Það er á móts við núverandi svæði sumarhúsa í Villingaholtshreppi. Í 10. kafla um svæði fyrir frístundabyggð, undirkafla um mat á umhverfisáhrifum, eru sett fram tilmæli um að sérstakra aðgæslu verði gætt vegna fráveitu á þessu svæði, vegna hins hugsanlega fjarsvæðis vatnsverndar.”

